

Þróunarsvæði við Suðurfell

Nýtt deiliskipulag




Lýsing deiliskipulags

Maí 2023



Inngangur

Skipulagslýsing þessi tekur til þróunarsvæðis í suðausturhluta Fellahverfis. Tilgangur skipulagslýsingarinnar er að greina frá svæðinu, áherslum og markmiðum við skipulagsgerðina, forsendum sem liggja að baki og fyrirhuguðu skipulagsferli.



Hluti Aðalskipulags Reykjavíkur 2040, Suðurfellin og Elliðaárdalur



Afmörkun þróunarsvæðis hverfisskipulagsins.
Myndir: Reykjavíkurborg og Bragi Þór Józefsson



Horft yfir þróunarsvæðið til suðvesturs.

Staðsetning og landfræðilegar aðstæður

Um er að ræða óbyggt svæði sem liggur austan við Fellahverfi í efra Breiðholti og nær að mörkum Elliðaárdals. Aðkoma að svæðinu er um Suðurfell og liggja göngustígar og hjólastígar um svæðið sem tengjast göngustígakerfi Elliðaárdals. Umrætt svæði er 4,28 ha og liggur frekar hátt í landi, á bilinu 91-


97 m.y.s. Landhalli er um 10-17m í austur í átt að Elliðaárdal. Svæðið er kjarrvaxinn mói með einstaka melum.

Staða skipulagsmála við Suðurfell


Í **Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040** er svæðið skilgreint sem þróunarsvæði fyrir nýja íbúðabyggð. Samkvæmt töflu 3.1 í AR2040, sem sýnir yfirlit yfir uppbyggingarreiti fyrir 50 íbúðir eða fleiri, er svæðið merkt sem uppbyggingarreitur 106, stærð 4ha, hæð húsa 1 – 2 hæðir og tilvísun í landnotkun ÍB40.

Misræmi er milli töflu 3.1. og aðalskipulagsuppdráttar. Í töflu er stærð uppbyggingarreits 106 skráð 4 ha, en innan þeirra stærðar eru stærðir íbúðarsvæðis og opins svæðis teknar saman í eina tölu. Á aðalskipulagsuppdrátti er hins vegar flatarmál reits 2.4 ha og opið svæði ekki talið með. Ennfremur hefur átt sér stað breyting á stærð reits með tilkomu Arnarnesvegur. Við gerð deiliskipulagsins verða stærðir og tafla aðalskipulagsins leiðrétt samhliða.

Innan Aðalskipulags er gert ráð fyrir þremur uppbyggingarreitum innan Fellahverfis. Uppbyggingareitur Jórufells (107), Suðurfell (106) og Eddufell-Völvufell (84). Deiliskipulag fyrir Eddufell-Völvufell hefur nú þegar tekið gildi.




AR2040. Hluti af mynd 2. Landnotkun og önnur ákvæði um uppbyggingu og þróun byggðar.



AR2040. Hluti af mynd 3. Skilgreindir uppbyggingarreitir fyrir íbúðarbyggð, Suðurfell er nr. 106.

Hverfisskipulag Breiðholts skilgreinir svæðið sem þróunarreit 6.3.28.p. Stærð reitsins er 4,28ha og er hann jafnframt nokkuð stærri en í AR2040 en innan hans er gert ráð fyrir íbúðabyggð og opnu svæði samkvæmt aðalskipulagi. Þróunarreiturinn afmarkast af Suðurfelli til vesturs, og er í beinu framhaldi af núverandi byggð, Keilufelli til norðurs, Elliðaárdal til austurs og Arnarnesvegur til suðurs. Þróunarreiturinn er utan Hverfisskipulags, en við gerð deiliskipulagsins skal miða við stærð reitsins eins og hann er skilgreindur í Hverfisskipulagi.



Hverfisskipulag Breiðholts 2022

Saga byggðarþróunar

Efra Breiðholt liggur í hæstu byggðum Reykjavíkur. Það byggðist upp á melum en er í dag umlukið mikilli gróðursæld.

Háreist fjölbýlishús eru staðsett efst á hæðum byggðarinnar, til að sem flestir geti notið útsýnis úr íbúðum sínum, en umhverfis er lágreistari byggð fjölbýlishúsa, raðhúsa og sérþýla sem trappa sig niður í landslaginu.

Heildarskipulag fyrir Breiðholt III var hannað af arkitektunum Geirharði Þorsteinssyni og Hróbjarti Hróbjartssyni og samþykkt árið 1967. Þar var í fyrsta sinn á Íslandi skipulögð frá grunni 12.000 íbúa byggð. Við áætlanagerð fyrir Breiðholt III (efra Breiðholts), var hverfinu skipt í fimm skipulagshluta eða deildir. Suðurdeild – Fell, Norðurdeild – Hólahverfi, Vestur– Vesturberg, Miðdeild og Austurdeild – Berg. Innan hvers hverfishluta/deildar var komið fyrir fjölbreyttri blöndu af fjölbýlishúsum, raðhúsum og eða sérþýli ásamt hverfiskjarna/nærþjónustu, leiksvæði og útivistarsvæði.

Miðsvæði afmarkast af Vesturbergi, Suðurhólum, Austurbergi og Norðurfelli og bindur efra Breiðholtið saman. Innan Miðsvæðis og í tengslum við það er að finna þjónustustofnanir eins og skóla, íþróttasvæði, sundlaug, menningarmiðstöðvar og verslunarkjarna. Áhersla var og er lögð á öryggi barna og eru til staðar góð göngutengsl bæði innan hvers hverfishluta og þeirra á milli.

Nýtt deiliskipulag

Í nýju deiliskipulagi verður gert ráð fyrir lágreistri íbúðarbyggð, 1-2 hæðir, með 50-75 íbúðum. Byggð skal aðlagast vel að landi og mynda sólrík og skjólgóð útisvæði fyrir íbúa. Opin svæði og stígar/hjólástígar skulu mynda góða tengingu milli eldri byggðar handan Suðurfells og hinnar nýju byggðar, og jafnframt við útivistarsvæði Elliðaárdals.

Gert er ráð fyrir að halda í opið svæði innan þróunarsvæðisins líkt og skilgreint er í aðalskipulagi 2040 en opna á möguleika við að skilgreina það á nýjan hátt með komandi deiliskipulagi.

Stefnt er að útboði á lóðarúthlutun samhliða gerð deiliskipulags og aðaluppdráttu. Það skipulagsteymi og uppbyggingaraðili sem verður fyrir valinu fær því tækifæri til að byggja upp hverfið frá fyrstu drögum og fullmóta byggðina af hugsjón með áherslu á vandaðan arkitektúr, umhverfi og samfélag að leiðarljósi.

Áherslur og markmið deiliskipulagsins

Áherslur úr Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 um vistvæna byggð:

- Að tryggja náttúrulegan fjölbreytileika lands og lífríkis með markvissri verndun og viðhaldi.
- Að stuðla að sjálfbærari nýtingu orku og auðlinda svo sem vatns, rafmagns og lands, auka kolefnisbindingu með gróðri og auka hlutdeild endurvinnslu m.a. með markvissri úrgangsstjórnun.
- Að skipulag byggðar myndi umgjörð um lifandi mannlíf og skapi aðlaðandi útisvæði og búsetukosti sem ýti undir aukin og gagnkvæm samskipti fólks.
- Að hafa framþróun í vistvænni byggingartækni og mannvirkjagerð að leiðarljósi.

Markmið og viðfangsefni deiliskipulagsins:

- Að móta íbúðabyggð sem stuðlar að fjölbreyttu og aðlaðandi umhverfi sem er eftirsóknarvert er til búsetu.
- Að hanna aðlaðandi íbúðir/heimili sem falla vel að landi og þeirri byggð sem fyrir er og bjóða uppá fjölbreytni í stærð og gerð íbúða.
- Að móta byggð með góðum birtuskilyrðum innan íbúða sem og á dvalarsvæðum.
- Að hanna sólrík, skjólgóð og græn útirými, bæði til einkaafnota en líka til sameiginlegra nota fyrir íbúa svæðisins, sem bjóða uppá fjölbreytta virknimöguleika.
- Að mynda góð hjóla og göngu tengsl milli hinnar nýju íbúðabyggðar og nærliggjandi íbúðarhverfa, sem og við náttúrulegt umhverfi Elliðaárdals.
- Að þróa hverfið með áherslu á að sporna við neikvæðum áhrifum framkvæmdanna.
- Að huga vel að áhrifum uppbyggingar á nærliggjandi byggð og lífríki Elliðaárdals.
- Að hanna blágrænar ofanvatnslausnir til að vernda lífríki Elliðaárdals ásamt að lágmarka holræsagerð, hreinsa mengað yfirborðsvatn og veita því frá byggð samhliða því að skapa fjölbreytt umhverfi og vaxtarsvæði fyrir lífríki staðarins.

Skipulagsáætlanir er varða deiliskipulagsgerðina

Skipulagsáætlanir sem varða deiliskipulagsgerðina:

- [Aðalskipulag Reykjavíkur 2040](#)
- [Deiliskipulag Elliðaárdalur 19.05.1994](#)



Aðrar áætlanir:

- Elliðaárdalur – deiliskipulag – forsendur dags. 10.02.2020, m.s.br. 16.11.2020
- Hverfisskipulag Breiðholts samþykkt 04.05.2021 með síðari breytingu vegna Arnarnesvegjar samþ. 05.10.2022
- Deiliskipulag, Arnarnesvegur – 3. áfangi dags. 28.10.2022
- Breyting vegna Elliðaárdals, minnkun svæðis. 28.10.2022

Skipulagsferli, helstu verkáfangar og tímasetning þeirra

1. Deiliskipulagslýsing, maí 2023
2. Útboð / leit að bestu tillögu að nýju deiliskipulagi, júní til loka september 2023
3. Vinna við gerð nýs deiliskipulags eftir niðurstöðu úr útboði, október 2023 til mars 2024
4. Deiliskipulagstillaga auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga mars - apríl 2024
5. Lokaafgreiðsla nýs deiliskipulags, maí 2024
6. Afgreiðsla Skipulagsstofnar og auglýsing í B-deild Stjórnartíðinda, júní 2024



Umsagnaraðilar deiliskipulagsgerðar

- Skipulagsstofnun
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Veitur
- Minjastofnun
- Borgarsögusafn
- Strætó bs.
- Hverfisráð og íbúasamtök
- Eftirtaldar deildir, skrifstofur og svið Reykjavíkurborgar:
 - Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar
 - Skrifstofa Byggingarfulltrúa
 - Skrifstofa framkvæmda og viðhalds
 - Skrifstofa reksturs og umhirðu
 - Skrifstofa umhverfisgæða
 - Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
 - Skóla- og frístundasvið
 - Velferðarsvið

Umsagnir óskast sendar á skipulag@reykjavik.is. Gert er ráð fyrir að lýsing þessi verði kynnt almenningi og hagsmunaaðilum í formi auglýsingar ásamt því að lýsingin mun liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar og vera aðgengileg á heimasíðu Reykjavíkurborgar <https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu>.

Nr. máls: 0446/2023

Heiti máls: Suðurfell - skipulagslýsing

Heiti fasa: Lýsing

Athugasemd: Þarna er verið að ganga freklega á grænt svæði. Í viðtali við Hjálmar Sveinsson borgarfulltrúa Samfylkingarinnar á mbl.is kemur fram að ekki sé verið að rýra útivistarsvæðið. Þetta er alrangt. Ég bý í hverfinu og geng þarna um daglega með hundana mína. Þetta er mikið og fallett grænt svæði sem íbúar í hverfinu nýta til útivistar. Ég hittí mikið af fólki þarna í mínum daglegu ferðum og því er eins og ég sagði rangt að halda því fram að svæðið nýttist ekki. Græn svæði auðlind sem má ekki ganga meira á og í mínum barnskap trúði ég því að Elliðárdalurinn væri friðaður. Þetta yrðu umhverfisspjöll og mig hryllir við tilhugsuninni um að þetta verði að veruleika.

Höfundur: Ingveldur Halla Kristjánsdóttir

Sent inn þann: 03.08.2023

Nr. máls: 0446/2023

Heiti máls: Suðurfell - skipulagslýsing

Heiti fasa: Lýsing

Athugasemd: Þessi hugmynd er algerlega út í hött! Þarna er freklega verið að ganga á og að grænum svæðum innan borgarmarkanna. Fjöldi fólks nýtir sér þennan hluta ósnortinnar náttúru innan borgarmarkanna m.a. með göngu- og reiðhjólatúrum hvern einasta dag! Arnarnesvegurinn svokallaður mun koma til með að skemma þetta svæði nógu mikið svo ekki sé bætt við jafn brengluðum hugmyndum borgaryfirvalda og hér hefur verið lýst. Það nær einfaldlega ekki nokkurri átt að leggja það til að eyðileggja, umfram það sem orðið er, eitt af örfáum svæðum ósnortinnar náttúru innan borgarmarkanna líkt og hér er gerð tillaga um! Elliðaárdalurinn, með laxveiðiá, inni í miðri höfuðborg er viðkvæm náttúruparadís sem á að njóta vafans sem slík o.þ.l. er það algert glapræði að heimila þá byggð sem lýst er hér!

Höfundur: Snorri Magnússon [REDACTED]

Sent inn þann: 03.08.2023

Nr. máls: 0446/2023

Heiti máls: Suðurfell - skipulagslýsing

Heiti fasa: Lýsing

Athugasemd: Að fórn hluta af útvistarsvæðinu við Elliðaár fyrir 50-75 íbúðir er ekki góður dill. Hættum að skipta út fáu fallegu grænu svæðunum sem við erum heppin að eiga ennþá í höfuðborginni út fyrir íbúagötur.

Höfundur: Eiður Sveinn Gunnarsson

Sent inn þann: 03.08.2023

Nr. máls: 0446/2023

Heiti máls: Suðurfell - skipulagslýsing

Heiti fasa: Lýsing

Athugasemd: Meðfylgjandi er umsögn Minjastofnunar Íslands

Höfundur: Henny Helga Hafsteinsdóttir [REDACTED]

Sent inn þann: 04.08.2023, **Fyrir hönd:** Minjastofnun Íslands



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Reykjavíkur og
nágrennis

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og
nágr.

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið – Skipulagsfulltrúi

Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 4. ágúst 2023
MÍ202307-0119/ 6.09 / 0645

Efni: Þróunarsvæði við Suðurfell - deiliskipulagslýsing

Minjastofnun Íslands hefur móttengið tölvubréf skipulagsgáttarinnar dagsett 27. júlí 2023, þar sem Reykjavíkurborg óskaði eftir umsögn stofnunarinnar um ofangreinda skipulagslýsingu mál nr. 0446/2023. Meðfylgjandi erindinu var skipulagslýsing, *Þróunarsvæði við Suðurfell – Nýtt deiliskipulag*, dagsett í maí 2023. Um er að ræða óbyggt svæði sem liggur austan við Fellahverfi í efra Breiðholti og nær að mörkum Elliðaárdals. Svæðið er merkt sem uppbyggingarreitur 106 í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040. Gert er ráð fyrir lágrestri íbúðabyggð sem skal aðlagast vel að landi. Útivistasvæði, hjóla- og göngustígar skulu mynda góða tengingu milli eldri byggðar, þessa nýja svæðis og útivistasvæðis í Elliðaárdal.

Í 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 segir:

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma.

Fyrir liggur *byggðakönnun Borgarhluti 6 – Breiðholt*, unnin af Borgarsögusafni Reykjavíkur árið 2021, skýrsla nr. 216, sem unnin var að beiðni Umhverfis- og skipulagsviðs Reykjavíkurborgar vegna Hverfisskipulagsgerðar. Sú skýrsla uppfyllir núgildandi staðla Minjastofnunar um fornleifa- og húsaskráningu sbr. 16. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar. Samkvæmt þeirri skýrslu eru engar

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnvöldum og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnvöldulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

minjar á ofangreindum skipulagsreit og eins og fram hefur komið eru engin hús eða mannvirki á svæðinu.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við lýsingu vegna nýs deiliskipulags Þróunarsvæði við Suðurfell. Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,



Henny Hafsteinsdóttir
Minjávörður Reykjavíkur og nágr.

Afrít í tölvupósti:
Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík (skipulag@reykjavik.is)

Nr. máls: 0446/2023

Heiti máls: Suðurfell - skipulagslýsing

Heiti fasa: Lýsing

Athugasemd: Þarna er verið að ráðast á útvistarsvæði sem er mikið notað af fólki sem býr í kring. Þetta er eitt af fáum grænum svæðum innan Reykjavík og ætti að fá að halda sér áfram. Þarna er stanslaus straumur af fólki sem nýtir þetta í göngutúra, hjólreiðatúra og hlaup.

Höfundur: Margrét Stefanía Þorkelsdóttir

Sent inn þann: 04.08.2023

Nr. máls: 0446/2023

Heiti máls: Suðurfell - skipulagslýsing

Heiti fasa: Lýsing

Athugasemd: Þetta græna svæði þekki ég vel og hef notað mikið frá 2009. Þarna er fólk á göngu, hlaupum og á hjólum, börn að leik og síðast en ekki síst fjölbreytt fuglalíf. Þessi áætlun sverfur enn frekar að villtum grænum svæðum innan borgarinnar og ef það er velferð og hamingja fólks sem við viljum huga að þá eru grænu svæðin með fuglasöng hvað mikilvægust. Ég hef reyndar líka áhyggjur af því að um leið og farið er að seilast inn á þetta ósnorta svæði þá lækki þröskuldurinn fyrir enn frekari röskun á svæðinu umhverfis Elliðaár.

Höfundur: Ása Elísa Einarsdóttir/

Sent inn þann: 06.08.2023

Nr. máls: 0446/2023

Heiti máls: Suðurfell - skipulagslýsing

Heiti fasa: Lýsing

Athugasemd: Ég bý í nágrenninu og nýti þetta svæði mikið til útivistar. Það er góður laxveiði staður þarna rétt hjá og fuglalíf sem er einstakt að hafa innan borgarmarka. Þessi sérstaða er eitthvað sem borgarbúar hreykja sér mikið af og nota sem landkynningu. Ég hef áhyggjur af því að þarna sé verið að setja hættulegt fordæmi með því að ganga á grænt svæði innan borgarmarka. Að hrófla við náttúru Elliðárdals fyrir nokkrar íbúðir sem munu í stóra samhenginu ekki leysa húsnæðisvandann er skammsýni og getur valdið óafturkræflegum skaða.

Höfundur: Sigurður Bragason

Sent inn þann: 07.08.2023

Nr. máls: 0446/2023

Heiti máls: Suðurfell - skipulagslýsing

Heiti fasa: Lýsing

Athugasemd: Sem Breiðholtsbúi set ég mig á móti því að verið sé að ganga á grænt útvistarsvæði sem er vel nýtt af íbúum hverfisins.

Höfundur: Katrín Helga Guðjónsdóttir

Sent inn þann: 07.08.2023

Nr. máls: 0446/2023

Heiti máls: Suðurfell - skipulagslýsing

Heiti fasa: Lýsing

Athugasemd: Við þessa byggingu er verið að fara að eyða hluta af einni fallegustu náttúruperlu Reykjavíkur. Fyrir tveimur árum síðan var verið að planta á þessu svæði fjölda trjáa, sem eiga nú að víkja fyrir íbúðarbyggð. Inni á þessu svæði fagna Breiðhyltingar áramótunum með árlegri áramótabrennu. Þar sem fjöldi íbúa allstaðar að úr hverfinu kemur saman til að gleðjast. Íbúar nota svæðið til útivistar. Oft er þetta svæði fyrsta upplifun barna í hverfinu á náttúru. Synd að það þurfi að víkja fyrir íbúðabyggð. Breiðholtið er fullkomið eins og það er!

Höfundur: Katrín María Sigurðardóttir

Sent inn þann: 09.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Mótmæli alfarið þessum fyrirhuguðu byggingaráformum við Suðurfell. Hættið að þetta byggðir á kostnað útivistarsvæða og náttúru landsins. Burt með þessi áform.!

Höfundur: Fríða Björg Aðalsteinsdóttir/ [REDACTED]

Sent inn þann: 09.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Ég mótmæli þessum áformum sem íbúi í Breiðholti. Þetta er árás á efsta hluta Elliðarárdalsins og skerðing á lífsgæðum okkar sem nýtum þennan hluta dalsins til útiveru. Ef ykkur langar að byggja einhverstaðar innanum aðra byggð legg ég til að þið hannið ný hverfi þar sem nú eru golfvöllir og hesthúsahverfi. Þannig plássfrek afþreyingasvæði þekkjast hvergi innanum aðra byggð nema hér í borg.
Guðmundur Svafarsson

Höfundur: Guðmundur Björgvin Svafarsson [REDACTED]

Sent inn þann: 09.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Ég er alfarið á mót því að gengið verði svona á þessa náttúruperlu sem við eigum innan borgarlandsins. Mér finnst þessi áform um byggð á þessu svæði teygja sig ansi langt niður í dalinn.

Höfundur: Valgerður Jóna Garðarsdóttir [REDACTED]

Sent inn þann: 09.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Útivistarsvæði Elliðaárdalsins einskorðast ekki við svæðið fyrir neðan stíflu. Þessi efri hluti er mikið notaður af fólki og sérstaklega skemmtilegt svæði að fara um. Nú þegar er verið að ganga með frekum hætti á útivistarsvæðin í nágrenninu svo sem með tilkomu Arnarnesvegur og væri augin umferð með fleiri íbúum ekki á umferðarþunga bætandi, sem á eftir að verða meiri en hann er nú þegar þegar Arnarnesvegurinn verður opnaður.

Höfundur: Elínborg Auður Hákonardóttir [REDACTED]

Sent inn þann: 09.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Samkvæmt rannsókn European Environment Agency er Reykjavík í 30. sæti af 38 borgum í Evrópu með aðgang/aðgengi að grænum svæðum. Þessi fyrirhugaða skipulagsbreyting mun færa okkur enn neðar á listann og mun draga úr lífsgæðum íbúa hverfisins og höfuðborgarsvæðisins. Eg mótmæli þessum breytingum, og pólitískum aðförum að náttúru höfuðborgarsvæðisins, án nokkurs samstarfs við íbúa hverfisins harðlega. <https://www.eea.europa.eu/highlights/how-green-are-european-cities>

Höfundur: Valgerður Helgadóttir [REDACTED]

Sent inn þann: 09.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Ég fer þarna nánast daglega. Ekki síst inn á ómalbikuðu stíganas Það er alveg glórulaust að ætla að setja íbúðahverfi þarna. Það eru líka fyrirhugaðar framkvæmdir í kringum gatnamót þarna rétt hjá. Ef þetta tvennt mun fara í gang mun það saman éta upp stærðar hluta af þessu paradísarsvæði. Ég mótmæli þessu harðlega. Þrýstið frekar á að öll þessi 3-4 hæða fjölbýlishús fari í að búa til bílakjallara og bæta svo við hæðum og setja lyftur. Það væri grænasta nýtingin á plássinu sem nú þegar er í notkun. 10 svoleiðis hús sem bæta við 2 hæðum með 4 íbúðum á hverri hæð gera 80 íbúðir án þess að taka upp meira land en nú þegar er nýtt.

Höfundur: Einar Ársæll Hrafnsson/

Sent inn þann: 09.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Algerlega fáránlegt að taka af þessari náttúruverlu fallett grænt svæði innan borgarinnar sem er mikið notað af mönnum og dýrum

Höfundur: Sigríður Steinunn Þrastardóttir

Sent inn þann: 09.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Sæl. Ég er mjög leið yfir því að byggja eigi á þessum fallega græna reit. Notað hann mörgum sinnum í viku til útivistar, og er sannfærð um að fleiri myndu sakna hans. Hef lítið á það sem stóran plús að búa hér í annars töluvert þéttri byggð, að hafa þetta græna og fallega svæði í göngufæri frá húsinu. Held það þurfi að varðveita þetta svæði og náttúru þess, fremur en að ganga á það. Anna Halla Birgisdóttir

Höfundur: Anna Halla Birgisdóttir/

Sent inn þann: 09.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Þessi hluti Elliðaárdals er mjög vinsælt útivistarsvæði. Fyrir 18 árum síðan varð hundur hluti af fjölskyldunni og síðan þá höfum við farið með okkar hunda um þetta svæði flesta daga. Þetta svæði er kynnt sem illa gróid land í útjaðri Elliðaárdals þ.e. „kjarrvaxinn mói með einstaka melum“. Að þetta sé ekki útivistarsvæði heldur sé það neðar í dalnum. Læðist þá að mér sú hugsun að verið sé að afvegaleiða umræðuna. Lýsing á gróðurfari gæti hafa átt við fyrir 50 árum en ekki nú. Þetta svæði er nú gróid fjölbreyttum trjágróðri þ.e. birki, greni, furu öspum og víði tegundum. Einnig er þarna fjölbreyttur annar gróður enda hefur landið verið friðað fyrir beit í um 60 ár. Allir sem nýta þetta svæði til útivistar líta á þetta sem útivistarsvæði enda er svæðið vel gróid og vel aðgengilegt því búið er að gera stíga víða um svæðið. Aðilar máls hafa haldið því fram að útivistarsvæðið sé nær Elliðaánum það er dalbotninn og þetta svæði sé í útjaðri þess. Það svæði er víða erfitt yfirferðar með mosavöxnum steinum, mýrlendi og þúfum og er það víða erfitt yfirferðar. Jafnvel getur það verið hættulegt fólki sem á erfitt með að fóta sig og stenst sú röksemdafærsla því engan vegin að það sé hið raunverulega útivistarsvæði. Því hefur verið haldið fram að þetta svæði sé ekki í Elliðaárdal heldur í útjaðri hans. Sú röksemdarfærsla stenst engan vegin. Samkvæmt íslenskri málvenju er nafnorðið dalur talin vera „Sá þáttur landlags þar sem aflíðandi láglandi er einn á milli fjalla eða hæðarbakka“ (Wikiorðabók). Því hlýtur dalurinn samkvæmt íslenskri málvenju að byrja þar sem hæðarlínur fara lækkanði inn á ánni. Þessar áætlanir eru andstöðu við áherslur úr aðalskipulagi Reykjavíkur um vistvæna byggð og vitna ég hér í þær. „Að tryggja náttúrulegan fjölbreytileika lands og lífríkis með markvissri verndun og viðhaldi“ „Að skipulag byggðar myndi umgjörð um lifandi mannlíf og skapi aðlaðandi útisvæði og búsetukosti sem ýti undir aukin og gagnkvæm samskipti fólks“. „Að móta íbúðabyggð sem stuðlar að fjölbreyttu og aðlaðandi umhverfi sem er eftirsóknarvert er til búsetu“. „Að hanna sólrík, skjólgóð og græn útirými, bæði til einkaafnota en líka til sameiginlegra nota fyrir íbúa svæðisins, sem bjóða uppá fjölbreytta virknimöguleika“. Þetta svæði er mikið notað til útivistar og kemur fólk víða að til þess. Svæðið er mikið notað til gönguferða og til æfinga í hlaupum og hjóltreidum Ég tel því þetta vera fráleitar hugmyndir að eyðileggja þetta útivistarsvæði fyrir borgarbúum með því að taka þetta svæði undir byggð. Sérstaklega í ljósi þess að Reykjavíkurborg á nóg af landi til að byggja ný hverfi. Eyðilegging útivistarsvæða dregur úr útiveru og hreyfingu almennings. Líta má á grænu svæði borgarinnar sem lungu borgarinnar. Annarsstaðar er verið að vernda og byggja upp grænu svæðin í borgunum enda eru þau alstaðar almenningi nauðsynleg. Líklega er það einsæmi í veröldinni að verið sé að taka útivistarsvæði undir byggð og eyðileggja þannig umhverfi fólks og draga úr lífsgæðum og lýðheilsu borgarbúa. Ég fordæmi því þessar hugmyndir og tel þær algerlega fráleitar. Ásgeir Erlendur Ásgeirsson íbúi í Fellahverfi

Höfundur: Ásgeir Erlendur Ásgeirsson/

Sent inn þann: 09.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Mér finnst þetta vera hræðileg hugmynd. Þetta er dásamlegt útivistarsvæði og mikið notað. Ég geng oft þarna með hundinn minn og nýt þessarar fallegu náttúru. Það er mikill skerðing á lífsgæðum okkar íbúa ef þessi vanhugsaða framkvæmd nær fram að ganga. Ég bið um að hætt verði við þessa skelfilegu hugmynd að byggja á grænu útivistarsvæði sem gleður íbúa og aðra sem um svæðið fara dags daglega

Höfundur: Stefán Ingi Guðjónsson

Sent inn þann: 09.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Elliðaárdalurinn og allt umhverfið er útivistaperla, við megum ekki eyðileggja þessa náttúruperlu með því að reisa þarna einhverja steinkassa, leyfið okkur að halda grænu svæðunum sem við eigum. Ef þetta verður eyðilagt verður þetta stærsta náttúruslys af mannavöldum. Sem íbúi í Breiðholti mótmæli ég þessu alfarið.

Höfundur: Karen Aradóttir/ [REDACTED]

Sent inn þann: 09.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Það má hvergi vera grænn blettur hér á stór Reykjavíkursvæðinu án þess að troða þar niður einhverjum fyrirtækjum eða byggingum, alls staðar í öllum borgum er risastór græn svæði og garðar sem er ekki hróflað við. Látið Elliðaárdalinn í friði það er nóg pláss til að byggja á þessu landi við eigum sem betur fer nóg landrými og þetta er óafturkræf aðgerð ég segi nei látið þetta svæði í friði

Höfundur: Guðrún S Benediktsdóttir

Sent inn þann: 09.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Það getur varla talist eftirsóknarvert að búa í kantinum á Arnarnesveginum þar sem hann mun koma niður og fara inn á Breiðholtsbrautina en þar er enn ein skerðingin á Elliðaárdalnum fyrirhuguð. Merkilegt að það sé ekkert minnst á það í þessum gögnum. Ennþá merkilegra er að það hefur enginn haft fyrir því að sýna frá Suðurfellinu hæðina sem mun vera á veginum þar sem hann skerst þarna yfir í dalinn og inn á Breiðholtsbrautina. Fólkið sem býr í Rjúpufellinu/Nönnufellinu/Möðrufellinu mun bregða mjög þegar bílljósinn fara að skína inn um gluggana hjá því auk þeirrar auknu hljóðmengunnar sem bætist við hjá því. Þessi löoglegu skipulagsferli eru samt þannig byggð upp að það skiptir engu hvað fólkið vill, hið opinbera fer sínu fram í krafti mikils samráðs og fagnar þessu bara enda er ekkert hlustað á eitt né neitt. Fólkið í skipulagsráði RVK er vant því að einhver hreyfi við mótbárum og veit að það getur þetta hvað sem tautar og raular. En á meðan við kjósum þetta fólk til valda þá breytist ekkert. Annars ráða borgarfulltrúar okkur litlu sem engu, þau endurvarpa bara því sem borgarstjórinn og embættismennirnir segja þeim að segja. Hvað má og hvað má ekki. Þau eru því miðu í engum tengslum við raunveruleikann og hafa mjög lítinn áhuga á því sem bitur almúgann.

Höfundur: Ólafur Gylfason/

Sent inn þann: 09.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Ein aðalrök fyrir því að nýji Arnarnesvegur fær ekki mislæg gatnamót við Breiðholtsbraut var að taka ekki óþarflega mikið grænt landsvæði frá dalnum. Þarna fara hljóð og mynd ekki saman ef það á að fara ganga á dalin þarna með fögrum fyrirheittum um að vera með litla lágreista byggð. Þarna er en og aftur verið að reyna byggja á svæðum sem eru hluti af útivistarperlum Reykjarvíkur. Það er nóg að svæði t.d. í Úlfarsárdal sem var búið að skipulægja byggð á ef borgin vill i raun byggja meira i Austur Reykjavík.

Höfundur: Guðbjartur Stefánsson

Sent inn þann: 09.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Hér eru áform um að rýra eitt besta útivistarsvæði sem finnst innan borgarmarkana. Sem íbúin Breiðholts, en fyrst og fremst sem íbúi Reykjavíkurborgar get ég ekki annað en verið mótfallinn því þarna sé ÍTREKAÐ verið að ganga á þetta svæði og taka "smá" bita af því. Það ferli verður að stoppa. Það verður ekki hægt að líta á þetta sem "þéttingu byggðar" þar sem verið er að fara brjóta nýtt land. Minni á að þarna rétt við er verið að fara að taka af svæðinu spildu undir vegstæði vegna Arnarnesveggar (sjá mynd). Það er ekki bara akkúrat svæðið sem er tekið í aðra notkun sem hverfur. Heldur nánasti jaðar verður einnig minna nothæfur. Elliðaárdalurinn er dýrmæt náttúrperla í borg. Þarna er fjölskrúðugt fuglalíf, tölvvert fjölbreytt flóra og laxveiðiá inni í miðri borg. Þetta er ekkert einkamál okkar sem búum í Breiðholti, dalurinn allur er mikið notaður af borgarbúum til útivistar. Gangu, hlaup og hjólréiðar. Þarna er fólk að ganga sér til heilsuþótar, hlaupa eða til að njóta útivistar með fjölskyldunni, jafnvel til að ferðast (commute). Það þarf að taka strax í taumana og setja endapunkt á byggingaráform sem gangu á dalinn og gæði hans í heild sinni. Dalinn ber að vernda fyrir okkur öll og komandi kynslóðir.

Höfundur: Óli Grétar Þorsteinsson

Sent inn þann: 09.08.2023



Disc Golf Course

Freidivé Iceland

Royal Thai Consulate

Fjölskylduhjálpi Íslands

Pawnshop.is

Ihr Nordlandführer

Gyðufell
fjarþjálfun

Þúberg

Norðurfell

Norðurfell

Suðurfell

Suðurfell

413

413

413

413

413

413

REYKJ

Íslenski Hesturinn
The Icelandic Horse

Heilsuvernd

Urðarhvarf

MHG Verslun ehf

Orkuhúsið

Stefna

REYKJAVÍKURBORG
KÓPAVOGSBÆR

Elliðaas

LogoFlex...
verum áberandi

Víkuværk

Pure deli

Bónus

Rafmiðlun

Verkfæri ehf

Blue Mountain
Apartments

Garminbúðin

Ás vinnustofa

P ehf Kópavogi

Björninn

Hótel Heiðmörk

Dimmuhvarf

RMK ehf

Kvikmyndaskóli Íslands

AMG BÍLRÚÐUR

27 mathús & bar

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Þarna er verið að skerða mikið nýtt útivistarsvæði í Reykjavík. Elliðaárdalinn ætti með engu móti að skerða. Hlutfall grænna svæða í Reykjavík er langt undir hlutfalli grænna svæða í meiri hluta borga í vestrænu samfélagi. Þegar byrjað er að skerða Elliðaárdalinn er komið fordæmi fyrir að halda áfram. Það vantar nýtt hverfi í Reykjavík líkt og þegar Breiðholt, Árbær, Grafarvogur og Grafarholt voru byggð hver í sínum áratug. Ekkert sambærilegt hverfi hefur byggst upp sl. 20 ár.

Höfundur: Þórdís Jóhannsdóttir Wathne [REDACTED]

Sent inn þann: 09.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Algjörlega óþolandi þið eruð að ganga á eitt besta útivistar og fuglasvæði borgarinnar á meðan plássið er nóg á Íslandi örugglega í einhverju braski með bófunum úr byggingageiranum þessum sem eru alltaf í símanum og fá flest verkefni hérna á höfuðborgarsvæðinu

Höfundur: Örn Ægir Reynisson [REDACTED]

Sent inn þann: 09.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Mótmæli fyrirhuguðum framkvæmdum. Elliðaárdalurinn er vel nýtt grænt svæði innan borgarmarka, þar sem við sem búum í Breiðholti og margir aðrir njóta og nýta vel. Fuglalíf, fjölbreyttur gróður og göngustígar. Mistök að ætla að skerða enn frekar græn svæði innan borgarmarkanna.

Höfundur: Ása Kristbjörg Karlsdóttir

Sent inn þann: 09.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Ég bý í Efra-Breiðholti og geng mikið um Elliðaárdalinn. Ég er mótfallin því að græna svæðið sem dalurinn er sé skertur frekar. Hinum megin í dalnum á að byggja Biodome og fleira. Nú á að taka af þessu göngu- og útivistarsvæði með upp undir 70 íbúðum og óljóst hvert þær verði 1 eða 2 hæðir. Byggð í Elliðaárdal er hafin og mun án efa ekki stoppa hér. Ég vil benda á mikilvægi dalsins sem græns svæðis fyrir lýðheilsu, nú þegar allir grænir reitir hverfanna fara undir byggingar. Nýleg rannsókn á Akureyri sýndi jákvæð áhrif af að vita af grænu svæði nálægt sem fólk gæti notað, þótt fólk nýtti það ekki. Það er ástæða fyrir að það eru stórir garðar í stórborgum erlendis. Biodome kemur ekki í staðinn fyrir græna svæðið í Elliðaárdalnum.

Höfundur: Harpa Hrönn Frankelsdóttir

Sent inn þann: 09.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Illa líst mér á að ráðstafa landi undir byggingar í Elliðaárdalnum. Græn svæði í Reykjavík eru þegar of fá og smá. Elliðaárdalurinn hefur verið mitt útivistarsvæði svo lengi sem ég man (frá um 1960), og hefur tekið miklum breytingum á þeim tíma. Það væri borginni til lítils sóma að hlaða niður meira byggingarmagni en nú þegar eru í dalnum.

Höfundur: Garðar Þróstur Einarsson

Sent inn þann: 09.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Ég bý við Elliðaárna og mótmæli þessum fyrirhuguðu byggingaráformum. Verndum þau fáu grænu svæði sem eftir eru í borginni og þrengjum ekki frekar að vatnasviði Elliðaáanna.

Höfundur: Ragnheiður Lóa Björnsdóttir

Sent inn þann: 09.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Ég er alfarið á móti frekari skerðingu á útivistarsvæðinu Elliðaárdal. Þarna gengur fólk á öllum aldri eða hjólar og nýtur þess að komast í snertingu við náttúru. Því á ekki að fórna fyrir steinsteypu sem vel er hægt að koma fyrir annarsstaðar.

Höfundur: Linda Sólveig Birgisdóttir [REDACTED]

Sent inn þann: 09.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Mótmæli áformuðum árásum á græna svæðið okkar. Við hljótum að meta áhrif útivistar í náttúrunni hærra en þetta. Rannsóknir sýna það mikil jákvæð áhrif á heilsu fólks að þetta græna svæði ætti að fá að vera óhreyft

Höfundur: Sigurlaug Björg Lárusd. Blöndal

Sent inn þann: 09.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Að fara að byggja á þessi svæði er allgjörlega út i hött Við eingum að verma grænuvæðin .Elliðárdalurinn er perla í Reykjavík sem verður að vernda Elliðár dalurinn er úti vistar staður okkar og Verður að passa Þar með mótmæli ég að fullu þessari fyrir hugðu byggð . Vermdum grænuvæðin og vermdum Elliðaárdalinn .

Höfundur: Guðrún Helga Theodórsdóttir/ [REDACTED]

Sent inn þann: 09.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Mér er mjög brugðið að heyra að það standi til að byggja við Suðurfell. Hvað varð um þéttingu byggðar miðsvæðis, og var þetta eini reiturinn sem fannst austanmegin í Reykjavík?. Það er ekki eins og Reykjavík bjóði upp á mikið af grænum útivistarsvæðum. Núna er rétti tíminn til að hugsa um borgarbúa, græn svæði og framtíðina og bakka með þetta verkefni. Ég bjó og ólst upp í Rjúpufelli í Breiðholtinu frá 1973 til fullorðinsára og þykir vænt um þetta svæði. Þar sem ég þekki þetta hverfi mjög vel hef ég miklar áhyggjur af að það standi til að byggja við Suðurfell. Þetta svæði er alveg óbyggt og frábært útivistarsvæði sem er með góðum göngu- og hjólastígum. Einnig er búið að gróðursetja mikið af trjám sem mikill sómi er af. Að mínu mati væri það mikið skipulagsslys til framtíðar að byggja á þessum reit. Það þarf að passa upp á þennan útivistarreit og líka svæði í kring, eins og Elliðaárdalinn. Þetta svæði og Elliðaárdalinn ætti að friðlýsa núna strax svo við fáum ekki meira af svona fréttum um þetta svæði.

Höfundur: Höskuldur Einarsson/

Sent inn þann: 10.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Þetta þykir mér fráleit hugmynd að byggja á þetta fallega útivistarsvæði. Mér finnst það ekki rétt skref að byrja að skerða þessa fáu grænu bletti sem eftir eru í borginni. Auk þess hefur maður áhyggjur að borgin myndi seilast enn lengra inn í dalinn eftir þessa uppbyggingu. Ég er alfarið á móti þessu.

Höfundur: Pétur Marínó Jónsson

Sent inn þann: 10.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Mótmæli því að fara byggja á þessara náttúruferlu sem Elliðaárdalurinn er! Mikið notaður af íbúum allt í kringum dalinn. Áform eru einnig um að koma Arnarnesveg fyrir í jaðri dalsins og er það næg röskun.

Höfundur: Inga Björg Kjartansdóttir

Sent inn þann: 10.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Ég er alfarið á mót því að gengið verði svona á þessa náttúruperlu sem við eigum innan borgarlandsins. Mér finnst þessi áform um byggð á þessu svæði teygja sig ansi langt niður í dalinn.

Höfundur: Sigurður Guðjón Jónsson/

Sent inn þann: 10.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Ég mótmæli alfarið þessum fyrirhuguðu byggingaráformum. Verndum græn svæði í borginni, þetta er náttúruperla fyrir höfuðborgarbúa alla :)

Höfundur: Sunneva Ósk Pálmarsdóttir

Sent inn þann: 10.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Ég vil ekki sjá að þarna verði byggt. Ég og dætur mínar hafa notið þessa yndislega útivistarsvæðis árum saman og viljum halda áfram að fá að gera það.

Höfundur: Þórbergur Már Sigurðsson/ [REDACTED]

Sent inn þann: 10.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Frábært að loksins er verið að byggja innan höfuðborgarinnar okkar heimili fyrir fólkið í landinu. Meira svona og ekki hlusta á þessar örfáu bjána sem skilja ekki hvað það er að búa í höfuðborg og vilja fórná fólkinu í landinu fyrir náttúru sem bara nokkrar manneskjur nota að einhverju ráði

Höfundur: Gyða Dröfn Hannesdóttir/

Sent inn þann: 10.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Þrengjum ekki frekar að Elliðaárdal heldur verndum allt það óbyggða svæði sem eftir er umhverfis dalinn, og í dalnum fyrir komandi kynslóðir. Þarna væri alltof miklu fórnað fyrir alltof lítið.

Höfundur: Sveinn Jóhannesson Kjarval

Sent inn þann: 10.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Sorglegt ef þessi náttúruperla sem er mikið nýtt af Breiðhyltingum og öðrum íbúum höfuðborgarsvæðis þarf að víkja fyrir byggð. Verndum Elliðaárdalinn!

Höfundur: Sigríður Sigurðardóttir [REDACTED]

Sent inn þann: 10.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Það á klárlega að byggja annarsstaðar og láta þetta svæði í friði

Höfundur: Erna Sif Evudóttir/ [REDACTED]

Sent inn þann: 10.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Frábært að fá þarna byggð sem ramar inn hverfið. Nauðsynlegt fyrir þá þróun sem er framundan í fellahverfi. Hér er engan vegin verið að fórna dalnum eins og einhverjir vilja meina. Vissulega verður fórnað huggulegum göngustíg. Það er lítið mál að finna nýjan stað fyrir hann. Sama hvar uppbygging á að eiga sér stað ris fólk upp og mótmælir. Ég hvet borgina til þess að klára dæmið. Tilvalið að breyta gömlu brennstæði og trukkastæði í blómlega byggð. Gatnamót Arnarnesvegur sem koma inn á svæðið er hins vegar algjör vitleysa. Rándýr framkvæmd sem rýrir verðmæti þessa byggingalands. Í ofanálag mun Arnarnesvegur ekki leysa neinn umferðavanda.

Höfundur: Eyjólfur Tómasson

Sent inn þann: 10.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Ég mótmæli þessum framkvæmdum. Það verður ekki aftur tekið ef það verður byrjað að byggja á grænum svæðum og það mun pottþétt breiða úr sér og fleiri byggingar samþykktar fyrst það er á annað borð byrjað að steypa yfir náttúrusvæði.

Höfundur: Jónína Krístrún Snorradóttir

Sent inn þann: 10.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Frábært að heyra að þarna verði byggt og bætt við frábæra hverfið sem Breiðholtið er. Mikilvægt er að vandað verður til verka og byggðar upp íbúðir sem að þörf er á í hverfinu, þ.e. huggulegt húsnæði sem hentar fyrir barnafjölskyldur sem vilja stækka við sig í hverfinu.

Höfundur: Linda Björk Pétursdóttir/ [REDACTED]

Sent inn þann: 10.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Ég er alfarið með því að byggðar verði nýjar íbúðir í Efra-Breiðholti. Hverfið þarf stærri íbúðir t.d. Hvort heldur sem byggt verður þarna eða eitthvað gamalt rífið og þá byggt nýtt og húsnæði. Það þarf meira úrval í íbúðaflórana í hverfinu og sérstaklega stærri íbúðir fyrir stórar fjölskyldur.

Höfundur: Bjartey Ásmundsdóttir/ [REDACTED]

Sent inn þann: 10.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Það er ekki hægt að skálda þessa vitleysu sem kemur frá þessum meirihluta í borginni. Byggja á einum fallegasta græna svæði höfuðborgarinnar er algjörlega galin hugmynd og kemur aðeins frá fólki sem aldrei hafa komið á svæðið. Hvað segir t.d. SVFR við þessu, fyrir utan umhverfisslýsið sem þessi fyrirhugaði gjörningur á að vera fyrir íbúa á svæðinu. Þessi náttura perla við Elliðaárnar er greinilega í stórhættu þegar fólk í ráðhúsinu er undir pressu að finna svæði í borginni til að byggja, búandi líklega allt saman vestan Elliðaár. Guð'anna bænum hættið að hugsa eins og lausnin sé alltaf austan við smábúahverfið og farið að vinna ykkar vinnu eins og atvinnumenn. Það skiptir kannski engu máli hvað skrifað er því að það er hvort er ekki lesið að ráðamönnum Reykjavíkur.

Höfundur: Einar Viðar Gunnlaugsson [REDACTED]

Sent inn þann: 11.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Virkilega sorglegt ef þetta fer í gegn. Þarna er dýrmætt grænt svæði sem er mikilvægt fyrir andlega og líkamlega heilsu mjög margra enda sjaldgæft í borginni að komast í smá náttúru

Höfundur: Heiðrún Arna Friðriksdóttir [REDACTED]

Sent inn þann: 11.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Ég trúi varla að menn ætli að eyðileggja Breiðholtshæðina. Nú þegar eru komnar tröppur vestan í hæðinni sem eru skelfileg sjónmengun og ekki einu sinni hentugar. Þarna austan til eru dásamlegir stígar, útvistarsvæði sem ekki einungis íbúar hverfisins sækja, heldur kemur fólk annars staðar að. Ég hef aldrei búið í Breiðholtinu, en hef sótt þetta svæði árum saman. Þetta má ekki ske. Það er eiginlega ekki flóknara. Þarna er fólk á öllum aldri, þarna er dásamlegt barnasvæði, fólk er með hundana sína, fólk gengur, hleypur, hjólar..... ég fer aldrei þarna svo um að ég mæti ekki slatta af fólki. Og þarna eru samfelldir skógarstígar nú þegar Öskjuhlíð hefur verið skemmd með allt of miklu af malbikuðum stígum. Hættið við þennan gjörning. Ég bið.

Höfundur: Sigrún Huld Þorgrímsdóttir [REDACTED]

Sent inn þann: 11.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Jæja nú á að eyðileggja útivistar svæðið út af einhverjum sérhagsmunum einhverra sem vilja og eða vantar lóðir á kostnað almennings. Útivera á þessu svæði er frábær, nógu mikið er búið að þrengja að Elliðavatninu og svo á að þrengja að Víðidalnum! Ekki veit ég og eða aðrir hvernig ætti að leysa snjóómokstur í tilvonandi Draumabyggð, Norðlingaholtið er 650 metrum AUSTAR og það væri frábært að fá kannski alla borgarstjórnina á Blankskónum að moka með höndunum snjó, og eða fá lánaða skóflu til að moka! Einar tilvonandi borgarstjóri slær þessar áætlanir út af borðinu? !! Hvað varð um Pálmatré í Glerkúplum í Vogahverfinu? Loforðin sem hafa kostað milljarða í útgjöldum, þá er kominn tími til að fækka einhverjum borgarfulltrúum sem hafa ekki hundsvit á kannski einu né neinu! Samanber ein gatnamót, Kleppsmýrarvegur= Sæbraut ein vinstri akgreinin tekin af, þannig að það verða árekstrar þegar að gámaflutningabíll og einn lítill fólksbíll ætla að troða sér á þrengingunni sem á að verða!! Nei hauslaus borgarstjórn, sem hafa ekki hugmynd um ýmisleg því miður!

Höfundur: Örn Ingólfsson/ [REDACTED]

Sent inn þann: 12.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Það er svo arfavitlaust að byggja þarna. Það er ómetanlegt að eiga Elliðaárdalinn og þessa grænu náttúru í nærumhverfinu. Hann er mikið notaður og nærir íbúana í kring bæði á líkama og sál. Í græðgi ykkar þá gangið þið á hann fyrir skyndigróða og líklegast þekkið þið þetta svæði ekki neitt. Ég vil að þið skilgreinið þetta svæði aftur sem hluti af Elliðaárdalnum og friðið dalinn. Þetta svæði versnar mikið við þessar breytingar og mikill meirihluti fólks í hverfinu vill þetta alls ekki. Meðfylgjandi er mynd úr bókinni Elliðaárdalur - Land og saga (nánar úr kaflanum Kort af dalnum bls 156). Þarna á kortinu er skrifað "Mögulegt svæði fyrir skólagarða", "sléttar grundir" og "fjölbreytt útivistarsvæði". Ég vil alls ekki að þið haldið áfram og mér sýnist þið vera komin með mikið af mótmælum, ég vona að þetta samráð ykkar sé ekki bara upp á skraut.

Höfundur: Jósep Valur Guðlaugsson [REDACTED]

Sent inn þann: 12.08.2023



Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Þetta svæði er hluti af einu fallegasta svæði Reykjavíkur, Elliðaárdalnum. Ef það verður byrjað að kroppa smá núna, þá verður það auðveldara að kroppa smá meira af því aðeins síðar og svo framvegis. Eg og fjölskylda mín höfum mikið notað þetta svæði til útivistar þrátt fyrir að búa í Grafarholti. Þetta er ómissandi hluti af hjólatúrnum (brekkurnar og útsýnið ...) og svo auðvitað í skokk og hlaup. Alltaf þegar ég á leið þarna um í góðu veðri þá eru stígarnir og nágrenni þeirra iðandi af lífi. Höldum þessu svæði grænu!

Höfundur: Jón Pétur Einarsson [REDACTED]

Sent inn þann: 14.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Vil alls ekki þurfa að horfa á eftir þessu fallega svæði í Elliðaárdalnum og mótmæli þessum aðgerðum. Þetta er svæði sem ég nota mest í Elliðaárdalnum og fer þangað nokkrum sinnum í viku. Þarna nær maður að upplifa ró og frið þrátt fyrir að vera staddur í höfuðborginni.

Höfundur: Sigurjóna S Sigurjónsdóttir [REDACTED]

Sent inn þann: 15.08.2023



Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
b.t. skrifstofu skipulagsfulltrúa
Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK
Ísland

Reykjavík, 15. ágúst 2023
Tilvísun: 2023080117/10.0

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um skipulagslýsingu fyrir Suðurfell

Vísað er til tölvubréfs úr Skipulagsgátt þar sem fram kemur að Reykjavíkurborg óski eftir umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) um skipulagslýsingu fyrir Suðurfell, mál nr. 0446/2023: Lýsing (Nýtt deiliskipulag). HER hefur farið yfir erindið og þau gögn sem því fylgja og gerir eftirfarandi umsögn.

Í lýsingunni er ávarpað að nota skuli blágrænar ofanvatnslausnir og hreinsa mengað yfirborðsvatn. HER bendir á að skoða þarf þetta atriði sérstaklega í deiliskipulagsvinnunni þar sem þegar er álag á svæðinu með tilkomu mislægra gatnamóta við nýjan Arnarvatnsveg og því eru sérstakar ofanvatnslausnir nauðsynlegar til að vernda ána. Skoða þarf hvort unnt sé að samnýta eða sameina lausnir fyrir báðar framkvæmdir, eða hvort æskilegra sé að aðskilja ofanvatn frá hverfinu annars vegar og ofanvatn frá umferðargötum hins vegar. Að mati HER vantar að tilgreina í lýsingunni að skoða þurfi hljóðvist og loftgæði sérstaklega við skipulag nýs íbúðarsvæðis. Hverfið liggur að Breiðholtsbraut og að mislægum gatnamótum hennar við Arnarnesveg og stóra umferðarslaufan er mjög nálægt skipulagsmörkunum. Umtalsverð umferð er á svæðinu í dag og mun aukast þegar Arnarnesvegurinn hefur verið byggður.

HER áskilur sér rétt til að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum.

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Helgi Guðjónsson
Verkefnastjóri

Svava S. Steinarsdóttir
Verkefnastjóri

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Ég er algjörlega mótfallin því að byggt verði á þessu svæði. Ekki bara mun fyrirhugaður Arnarnesvegur taka góða sneið af dalnum, heldur líka þessi fyrirhugaða byggð sem mun liggja upp við þann veg. Samkvæmt myndum þá er þetta svæði að ná næstum niður að malarstígnum sem liggur þarna, þannig að þetta er ekkert smá svæði. Að ég tali nú ekki um áhrif þessa á umhverfið (hávaði/mengun). Hefði nú verið fínt að sjá þennan fyrir hugaða veg betur inná myndinni af svæðinu líka. Dalurinn er vel rammaður inn eins og hann er með skógivöxnum svæðum allt frá Fellum, meðfram Bergum og svo Hólahverfi. Alls ekki rétt að fyrirhugað byggingasvæði sé „kjarrvaxinn mói með einstaka melum“. Skipulagsyfirköld ættu að sjá sóma sinn í að víkka út núverandi afmörkun á Dalnum allaleið að þessum hverfum og að þarna verði aldrei byggt. Sama á við um svæði neðar í dalnum. Horfið til framtíðar. Eins er mjög loðið hvað á að byggja þarna „uppbyggingarreiti fyrir 50 íbúðir eða fleiri“ og „hæð húsa 1 – 2 hæðir“. Viljum við fá einhverja kassa þarna ofan í Dalnum? Svo er annað! Fyrir hverja er verið að byggja?? Svo vitnað sé í orð Pawels úr umhverfis- og skipulagsráði Reykjavíkurborgar á Rás 2 í Síðdegisútlarpinu (9. ágúst 2023) þá er ekki vitað hvað þessi hús muni kosta og lóðir dýrar. Svo vitnað sé í orð hans: „Það má gera ráð fyrir að lóðir á þessum stað yrðu ekkert, ..hérna, raunverulegt markaðsvirði þeirra er eflaust töluvert“. Og hverjir munu geta keypt þessar íbúðir/hús?? Þarna eigi að koma frekar „dreifgysin sérbýlishúsabyggð“ með "þékkleika á við neðri hluta Fossvogs eða Stekkina" og undir þetta á að taka yfir 4 ha af landi. Látið Dalinn í friði! Borgin mun stækka og græn svæði í hættu, verndið þessi lungu og helsta útivistarsvæði Borgarinnar. Svo má líka velta fyrir sér tímasetningu á kynningu á þessu og tímamörkin á því að hægt sé að setja inn athugasemdir (um mitt sumar). Hagsmunir margra að Dalurinn verði verndaður eins og hann er og þetta svæði látið í friði – hagsmunir fárra eiga ekki að ráða. Þið sem farið með skipulagsmál í Borginni, hugsið til framtíðar og hættið við þessi áform!! Hlustið á vilja íbúa.

Höfundur: Sædís Guðríður Þorleifsdóttir/

Sent inn þann: 17.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Svæðið sem lagt er til að leggja undir húsnæði er einstaklega fallett svæði sem ég geng um daglega. Börnin mín sem eru á grunnskólaaldri leika þarna í skógunum og í fylgd minni niðri við ána. Það er ótrúleg skammsýni að fórn svona fallettu grænu svæði undir íbúabyggð og ég játa að ég er hálförðlaus yfir að þetta nái yfirleitt inná borð sem uppástunga. Ekki nóg með að íbúar Breiðholts og Kópavogs ganga mikið um svæðið, þá veit ég af því að fólk leggur á sig ferðalag úr öðrum borgarhlutum til þess að njóta þessa útivistarsvæðis. Þetta má hreinlega ekki ná framkvæmdastigi.

Höfundur: Hallgerður Guðlaugsdóttir [REDACTED]

Sent inn þann: 17.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Ég mótmæli harðlega fyrirhuguðum byggingaframkvæmdum við Suðurfell. Þarna verður freklega gengið á eitt helsta útivistarsvæði borgarbúa sem fjöldi fólks nýtur. Mér brá hreinlega þegar ég las um þessar áætlanir. Nú þegar hafa framkvæmdir verið samþykktar sem ganga á græn svæði í efri byggðum Reykjavíkur. Arnarnesvegur mun gleypa dágóðan bita af dalnum og einnig mun hann skerða útivistarsvæði tengt Vatnsendahæð og móana á milli Kópavogs og Seljahverfis sem margir nýta, þ.á.m. hundaeigengur. Hugmyndir um stækkun íbúabyggðar við Suðurfell er því kornið sem fyllir mælinn. Græn svæði eru mikilvæg lífsgæði fólks sem býr í borg þar sem malbik og steypa eru alsráðandi. Manneskjan er hluti af náttúrunni, hana bera að virða, varðveita og njóta. Ég segi því nei takk við stækkun byggðar í Elliðárdal við Suðurfell.

Höfundur: Anna Ólafsdóttir [REDACTED]

Sent inn þann: 17.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Ég segi nei takk við byggingu íbúða á þessu svæði. Það er verið að taka of mikið af grænu svæði og væri betra ef uppbygging væri hafin - og lokið - annars staðar í Breiðholti áður en farið verður í að fórna grænu svæðunum. Sérstaklega í ljósi þess hversu mikið er gengið á græn svæði annars staðar í borginni.

Höfundur: Yrsa Rós Brynjudóttir [REDACTED]

Sent inn þann: 17.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Mér þykir það miður að það sé verið að fara að raska grónu svæði í næsta nágrenni við eina fjölmennustu byggð borgarinnar, sem íbúi í fellahverfi leggst ég alfarið gegn því að það eigi að fara hefja uppbyggingu á þessum reit og þar með eiðileggja stóran part af elliðarárdalnum og því útivistarsvæði sem yrði fórnað fyrir byggð sem nóg er af allt í kringum þetta græna svæði.

Höfundur: Bjarni Stefán Welbes/ [REDACTED]

Sent inn þann: 17.08.2023



Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12 - 14
105 Reykjavík

Reykjavík, 18. ágúst 2023

Efni: Mál nr. 446/2023. Umsögn Veitna vegna skipulagslýsingar fyrir Suðurfell

Vísað er til skipulagslýsingar fyrir Suðurfell. Skipulagslýsingin tekur til þróunarsvæðis í suðausturhluta Fellahverfis. Um er að ræða óbyggt svæði þar sem Veitur eru ekki með dreifikerfi.

Veitur vilja benda á að við skipulagningu nýrra svæða þarf að gæta þess að tryggja rými fyrir nauðsynleg veitukerfi og að veitufyrirtæki komi að gerð skipulagsins framarlega í skipulagsferlinu. Við vinnslu deiliskipulags er mikilvægt að huga að lagnaleiðum veitulagna, tengingu við lagnakerfi, aðgengi að lagnakerfinu eftir uppbyggingu auk lóða fyrir mannvirki sem tilheyrta veitunum.

Veitur hafa kynnt sér skipulagslýsinguna og vilja koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

i) Fráveita

Það verða áskoranir tengdar fráveitu á svæðinu vegna mikils landhalla. Vænlegasti kosturinn gæti verið að tengja til austurs en það þarf að leysa í samstarfi við nágrannasveitafélag sem er með sína lögn neðar í dalnum. Vinna þarf náð með Veitum á skipulagsstigi, sérstaklega í ljósi nálægðar við vemdarsvæði og svæði á náttúruminjaskrá austan megin við fyrirhugað uppbyggingarsvæði.

ii) Spennustöðvar

Veitur ósk eftir lóð/um undir dreifistöðvar rafmagns til að þjónusta fyrirhugaða uppbyggingu á byggingarreitnum. Mikilvægt er að staðsetning sé unnin í góðu samstarfi við Veitur.

iii) Blágrænar ofanvatnslausnir

Innleiðing blágrænna ofanvatnslausna í Reykjavík, Stefna, forsendur og verkferli eru leiðbeiningarit sem Reykjavíkurborg og Veitur hafa unnið saman sjá nánar á <https://www.veitur.is/utgefing-efni/fraveita>. Veitur óska eftir að tekið verði mið af framangreindum leiðbeiningum við gerð skipulags og að Veitur fái tækifæri til að fylgja verkefninu frá upphafi.

Veitur eru reiðbúnar til samráðs og samstarfs og leggja áherslu á mikilvægi þess að vera upplýst á öllum stigum fyrirhugaðrar skipulagsvinnu.

Virðingarfyllst
f.h. Veitna

Helga Rún Guðmundsdóttir



Reykjavíkurborg - Umhverfis- og skipulagssvið.
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Garðabær, 18. ágúst 2023
Málsnúmer: 202308-0005
SS

Efni: Umsögn um skipulagslýsingu vegna þróunarsvæðis við Suðurfell.

Vísað er í tölvubréf frá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar gegnum Skipulagsgátt, dags. 10. ágúst 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu fyrir nýtt deiliskipulag vegna þróunarsvæðis við Suðurfell í Reykjavík.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Svæðið sem um ræðir er í ofanverðum Elliðaárdal og í næsta nágrenni við svæði á gildandi náttúruminjaskrá (C-hluta) sem í þessum hluta dalsins er einkum Elliðaárna og nánasta umhverfi þeirra. Elliðaárdalur er allur mikilvægt útivistarsvæði, sem grænn geiri sem tengir náttúrusvæði utan þéttbýlismarka við strandsvæði og önnur græn svæði innan þéttbýlismarka. Elliðaárdalurinn er mikilvægt svæði fyrir margs konar lífríki, ekki síst fuglalíf, sem og fundarstaður áhugaverðra og verðmætra jarðminja m.a. ummerki um sjávarstöðubreytingar, eldsumbrot, rofferla o.fl.

Sökum þessa ber að skoða áhrif allra áforma sem skerða Elliðaárdalinn vandlega. Í umhverfismati skipulagstillögunnar þarf því að leggja vandlegt mat á t.d. hvernig lífríki þ.m.t. gróðurfar og dýralíf sem og jarðminjar og landslag verði fyrir áhrifum af skipulagsbreytingunni. Skoða þarf sérstaklega hver möguleg áhrif eru á svæðið á náttúruminjaskrá, sér í lagi Elliðaárna og lífríki þeirra. Mikilvægt er að skoða áhrif áforma um ofanvatnslausnir á lífríki og vatnsbúskap Elliðaárna. Áhrif á fræðslu- og útivistargildi svæðisins ætti einnig að meta.

Náttúrufræðistofnun mælir með að gerð sé úttekt á landslagi, jarðminjum og lífríki (sérstaklega gróðurfari og fuglalífi) á skipulagssvæðinu, ef ekki eru til staðar nýlegar upplýsingar um slíkt. Töluverð breyting hefur orðið á t.d. gróðurfari Elliðaárdals undanfarna áratugi og því mikilvægt að upplýsingar séu uppfærðar.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs



Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Elliðaárdalurinn er ekki eingöngu malbikaður göngustígur 10km utan um laxveiðiá heldur einnig villt grænt svæði sem ekki er mikið af í borginni. Græn svæði eru verðmæt fyrir vellíðan fólks og dýra. Vil ég benda á orð borgarstjóra á visir.is í dag (18.08.2023) í umræðu um skógarhögg í Öskjuhlíð: " En það er ljóst að við höfum á undanförunum árum verið að auka vernd svokallaðra borgargarða eins og Öskjuhlíðin er og Elliðaárdalurinn." Hér fer ekki saman hljóð og mynd. Ekki ganga á þessu fáu grænu, villtu svæði sem eftir eru.

Höfundur: Arndís Björnsdóttir

Sent inn þann: 18.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Þetta er fallet svæði sem er mikið notað í útiveru sem er andlega og líkamlega gefandi. Ég skil að það sé nauðsynlegt að byggja fleiri íbúðir en er ekki betra að finna annan stað til þess, við erum að tala um stóra byggð þarna í kring og náttúran mikilvægur þáttur í lífi íbúanna. Eins er einn af liðum í umhverfisstefnu Reykjavíkurborgar að kolefnisbinda til þess auka loftgæði og draga úr mengun. Með því að taka niður gróður og þá sérstaklega trjátegundir þá erum við að fara gegn þeirri stefnu að minu mati.

Höfundur: Annetta Ragnarsdóttir [REDACTED]

Sent inn þann: 20.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Þetta er hluti af Elliðaárnar, sem á að vera heilagur til útivistar! Það hlýtur að vera augljóst að náttúra og útisvæði er á þessum stað á ekki bara að vera "rönd" meðfram ánni, heldur miklufrekar víðáttur og það að geta gengið í skóglendinu án þess að hafa á tilfinningunni að þú sért að læðast í bakgarðinum hjá einhverjum! Þessi arma borgarstjórn hefur svikið öll loforð um græn svæði og fórnar vellíðan borgarbúa fyrir dansinn kringum gullkálfinn! Svei!!

Höfundur: Elín Ásta Hallgrímsson

Sent inn þann: 23.08.2023

Reykjavíkurborg, umhverfis og skipulagssvið
Björn Axelsson
Borgartúni 12 - 14
105 Reykjavík

Reykjavík, 23. ágúst 2023
Tilvísun: 202307112 / 3.4

Efni: Lýsing fyrir gerð tillögu að deiliskipulagi íbúðabyggðar í Suðurfelli, Breiðholt, Reykjavíkurborg

Reykjavíkurborg hefur, með erindi dags. 27. júlí 2023, sent Skipulagsstofnun lýsingu til umsagnar skv. 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Lýsingin var samþykkt til kynningar í skipulagsnefnd þann 14. júlí 2023 varðar gerð tillögu að deiliskipulagi íbúðabyggðar í Suðurfelli.

Samkvæmt lýsingunni, dagsett í maí 2023, er gert ráð fyrir að vinna deiliskipulag sem tekur til um 4,3 ha svæðis sem skilgreint er sem íbúðabyggð ÍB40 í aðalskipulagi. Gert er ráð fyrir lágreistri byggð, 50-75 íbúðum á 1-2 hæðum, með aðkomu frá Suðurfelli.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og telur að lýsingin geri ágætlega grein fyrir skipulagsáformum og bendir á eftirfarandi atriði:

- Í lýsingunni kemur fram að misræmi sé í töflu aðalskipulags fyrir svæðið sem við gerð deiliskipulags verði leiðrétt samhliða. Ekki er hægt að leiðrétta töflu aðalskipulags nema með því að gera breytingu á aðalskipulagi og skal það gert áður eða samhliða gerð deiliskipulagsins sbr. 2. mgr. 41. gr. Skipulagslaga.

Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Ég hef verið íbúi í breiðholti í 10 ár, fyrstu 8 árin í hólhverfi og núna undanfarin 2 ár í Seljahverfi. Mér finnst að þetta ætti ekki að verða að veruleika. Núþegar eru áform um að taka smá part úr Elliðaárdalnum undir nýjan veg sem á á liggja um vatnsenda hæð og tengjast við breiðholtsbraut og mun þessi tenging þurfa að taka sveig niður í dalinn. Ef það á að fara að bæta við íbúa byggð líka á þessu svæði finnst mér hættulegt fordæmi verða sett. Elliðaárdalurinn í heild er dásamleg náttúruperla inn í miðri borg sem er sko ekki sjálfgefið í borgum nútímans og mér finnst að ef við förum að byggja meira þarna við suður fellinn setji það fordæmi um að það sé alltí lagi að gera það annarsstaðar. Mér finnst að Elliðaárdalurinn í heild eigi að varðveita enda einstakt grænt svæði sem ber að virða. Þessi þróun er líka að eiga sér stað í Hlíðunum í Reykjavík og mér finnst þetta ógnvænlegt. Þegar það er alltaf verið að tala um náttúruvernd og græn svæði og um leið er verið að höggva í þau svæði sem við eigum nú þegar. Elliðaárdalurinn er orðin svo rótgróin útivistarperla að það væri sorglegt að missa alltaf smá og smá af honum með árunum.

Höfundur: Júlíana Lind Guðlaugsdóttir/

Sent inn þann: 24.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Það er tvískinnungur hjá borgaryfirvöldum að krefjast umhverfismats þegar fjarlægja á tré í Öskjuhlíðinni til að vernda flugumferð, en svo á að eyðileggja stóran hluta af grónu og mikið notuðu útivistarsvæði efst í Elliðarárdalnum, án þess að umhverfismat eigi að fara fram. Borgaryfirvöld hafa þegar stutt gríðarlega umfangsmikla eyðileggingu græns svæðis, eða 11.4 hektara af mikið notuðu útivistar- og náttúrusvæði á Vatnsendahvarfi, sem verður sprengt í loft upp og malbikað yfir til að leggja Arnarnesveg. Freklega er gengið á græn svæði í efri byggðum og svo virðist sem borgaryfirvöldum sé algjörlega sama um lýðheilsu íbúa í Breiðholti. Svæðið þegar er mikið notað útivistarsvæði og mikilvægur þáttur í heilsubót íbúa hverfisins. Þar sem þegar er verið að fjarlægja 11.4 hektara af kolefnisjafnandi svæði til að rýma fyrir mengandi vegi, þá er algjörlega út í hött að ganga enn lengra og fjarlægja svæði sem hreinlega verndar íbúa gegn þessari yfirvofandi mengun. Elliðárdalurinn er gríðarlega mikilvægt, verndað grænt svæði og á að virða sem slíkt. Vinir Vatnsendahvarfs er algjörlega á móti þessum framkvæmdum og við krefjumst þess að græn svæði borgarinnar hljóti viðeigandi vernd, líka þau sem eru í efri byggðum.

Höfundur: Helga Kristín Gunnarsdóttir/

Sent inn þann: 24.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Fagna því að það eigi að nýta þennan glæsilega reit í uppbyggingu. Mínar athugasemdir eru; - sja til þess að bílaumferð verði takmörkuð inn svæðið - selja fólki en ekki byggingaverktökum lóðirnar - passa að reiturinn fari sem næst möðrufelli og ekki mikið lengra niður en rett neðan við núverandi gongustíg - skipulagið snúist um hagkvæmar fjölskyldueignir - vegna samsetningar hverfisins verði engin hluti af þessu elliheimili, eldri borgara-íbúðir eða felagslegf húsnæði - hafa í huga nýtt skipulag við jórufell til að ná fram heildarskipulagi á svæðinu - ekki hlusta á politískt þras heldur hefjast handa við að styrkja hverfið, auka búsetukosti og minnka húsnæðisvandann !

Höfundur: Þórður Einarsson/ [REDACTED]

Sent inn þann: 24.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Mótmæli þessu harðlega.

Höfundur: Axel Björnsson

Sent inn þann: 25.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Fyrirhugaðri íbúabyggð á 4,3 hektara græna svæði við Suðurfell í Elliðaárdal er mótmælt ef eftirfarandi ástæðum. 1. Útivistarsvæði borgarbúa eru skert með áformum um byggð á þessu græna svæði. Græna svæðið í Elliðaárdal hefur minnkað úr 400 hekturum samkvæmt skýrslu starfshóps árið 2016 um framtíðarsýn Elliðaárdals, í 200 hektara samkvæmt nágildandi deiliskipulagi. 2. Náttúrulegur fjölbreytileiki Reykjavíkur yrði skertur með húsbyggingum á græna svæðinu og gengur það gegn áherslum í aðalskipulagi um vistvæna byggð og sjálfbæra þróun. Græna svæðið í Elliðaárdal er eitt af mikilvægustu útivistarsvæðum borgarinnar og er helsta náttúrulega svæðið í byggð sem er án mikilla mannvirkja. 3. Kolefnisbinding í borginni er skert með skógarhöggi á svæðinu, en mat á umfangi kolefnisbindingar hefur ekki farið fram. Meta þarf kolefnisbindingu í dag og í framtíð þegar tréin hafa náð fullri stærð. 4. Skipulagslýsingin samrýmist ekki yfirlýsingum borgarstjórnar varðandi tilgang íbúðarbyggðarinnar. Í viðtali við Hjálmar Sveinsson 3. ágúst sl. á mbl.is segir að tilgangurinn sé að auka félagslegan fjölbreytileika í Fellahverfi. Greining á stöðu eða horfum félagslegs fjölbreytileika í hverfinu og öðrum hlutum borgarinnar liggur ekki fyrir í skipulagslýsingunni. 5. Mat á virði náttúru svæðisins hefur ekki farið fram. Náttúran er að fullu vanmetin í skipulagslýsingu, þar er svæðið er sagt vera kjarrvaxinn mói með einstaka mel. Engin talning á trjám svæðisins hefur farið fram. Sjá meðfylgjandi mynd af skóginum á svæðinu. 6. Söluhagnaður borgarinnar vegna sölu á byggingarétt á þessu græna svæði liggur ekki fyrir og hafa íbúar því ekki fullnægjandi upplýsingar til að taka afstöðu til skipulagslýsingarinnar. 7. Ahrif á lífríki í Elliðaárdal hafa ekki verið metin, og ekki liggur fyrir hvaða framkvæmdir munu fara fram á nærliggjandi græna svæði fyrir skólplagnir og aðra innviði.

Höfundur: Björn Arnar Hauksson [REDACTED]

Sent inn þann: 26.08.2023

Efni: Umsögn um skipulagslýsingu Suðurfells í Elliðaárdal

Fyrirhugaðri íbúabyggð á 4,3 hektara grænu svæði við Suðurfell í Elliðaárdal er mótmælt ef eftirfarandi ástæðum.

1. Útivistarsvæði borgarbúa eru skert með áformum um byggð á þessu græna svæði. Græna svæðið í Elliðaárdal hefur minnkað úr 400 hekturum samkvæmt skýrslu starfshóps árið 2016 um framtíðarsýn Elliðaárdals, í 200 hektara samkvæmt núgildandi deiliskipulagi.
2. Náttúrulegur fjölbreytileiki Reykjavíkur yrði skertur með húsbyggingum á græna svæðinu og gengur það gegn áherslum í aðalskipulagi um vistvæna byggð og sjálfbæra þróun. Græna svæðið í Elliðaárdal er eitt af mikilvægustu útivistarsvæðum borgarinnar og er helsta náttúrulega svæðið í byggð sem er án mikilla mannvirkja.
3. Kolefnisbinding í borginni er skert með skógarhöggi á svæðinu, en mat á umfangi kolefnisbindingar hefur ekki farið fram. Meta þarf kolefnisbindingu í dag og í framtíð þegar tréin hafa náð fullri stærð.
4. Skipulagslýsingin samrýmist ekki yfirlýsingum borgarstjórnar varðandi tilgang íbúðarbyggðarinnar. Í viðtali við Hjálmar Sveinsson 3. ágúst sl. á mbl.is segir að tilgangurinn sé að auka félagslegan fjölbreytileika í Fellahverfi. Greining á stöðu eða horfum félagslegs fjölbreytileika í hverfinu og öðrum hlutum borgarinnar liggur ekki fyrir í skipulagslýsingunni.¹
5. Mat á virði náttúru svæðisins hefur ekki farið fram. Náttúran er að fullu vanmetin í skipulagslýsingu, þar er svæðið er sagt vera kjarrvaxinn mói með einstaka mel. Engin talning á trjám svæðisins hefur farið fram. Sjá meðfylgjandi mynd af skóginum á svæðinu.
6. Söluhagnaður borgarinnar vegna sölu á byggingarétt á þessu græna svæði liggur ekki fyrir og hafa íbúar því ekki fullnægjandi upplýsingar til að taka afstöðu til skipulagslýsingarinnar.
7. Áhrif á lífríki í Elliðaárdal hafa ekki verið metin, og ekki liggur fyrir hvaða framkvæmdir munu fara fram á nærliggjandi grænu svæði fyrir skólplagnir og aðra innviði.



1

Mynd af græna svæðinu í Elliðaárdal, umrætt svæði er ofan við stíginn á myndinn.

Björn Hauksson

Íbúi í Reykjavík sem notar græna svæðið í Elliðaárdal reglulega

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Þarna er verið að ganga freklega á grænt svæði sem nýtist alla daga fyrir íbúa í nágrenninu og mjög marga aðra. Ég vissi ekki betur en að dalurinn væri friðlýstur en það ætti hann klárlega að vera að mínu mati.

Höfundur: Rín Samía Raiss

Sent inn þann: 27.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Ég mótmæli þessu deiliskipulagi og vona að það verði hlustað á íbúa hverfisins í þessum málum. Ef þetta svæði verður byggt þá tel ég líklegt að meira og meira af Elliðaárdalnum muni hverfa. Bæði fólk og dýr þurfa á svona svæðum að halda og er þetta tiltekna svæði mjög mikið nýtt. Leyfum Elliðaárdalnum að vera í friði.

Höfundur: Jónína Wilkins/

Sent inn þann: 28.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Á að útrýma öllum grænum svæðum í borginni, borgin er fyrir okkur ekki bygginaberktaka

Höfundur: Aðalbjörg Hlín Brynjólfsdóttir [REDACTED]

Sent inn þann: 28.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Þetta er skelfileg hugmynd. Ég er hlynntur þéttingu byggðar, en finnst langt seilst þegar rjúfa á nýtt land inn í eina helstu náttúruferlu borgarinnar. Ef landið þykir ekki nógu merkilega gróid, þá ætti heldur að rétta þann hlut heldur en að leggja landið undir nokkrar íbúðir. Annars er þetta yndislegt svæði eins og það er, og algerlega til skammar að vilja leggja það undir steypu.

Höfundur: Þorlákur Lúðvíksson

Sent inn þann: 28.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Sorglegt þarna er verið að fórna meiri hagsmunum fyrir minni. Það gengur ekki fyrir íbúa hverfisins að grænu svæðinn séu minnkuð. Þetta svæði er mikið notað til útvistar af bæði börnum og fullorðnum.

Höfundur: Bergey Hafþórsdóttir

Sent inn þann: 28.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Mér líst mjög illa á það að þarna eigi að fórna aðal græna svæði borgarinnar. Þessi framkvæmd myndi skerða gæði svæðisins verulega að mínu mati

Höfundur: Hallþór Jökull Hákonarson

Sent inn þann: 29.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Það er óboðlegt að fella hluta Elliðárdalsins sem er mikilvæg stoð lífríkis höfuðborgarinnar ásamt súrefnisgjafa. Framkvæmdir munu spilla ásynð og heilbrigði vistkerfisins sem hefur lifað þarna lengi vel.

Höfundur: Júlíus Geir Gíslason/

Sent inn þann: 29.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Aðalrök Hjálmars Sveinssonar fyrir byggingu á þessu svæði, samkv. viðtali í Mbl., er að þetta sé harla ómerkilegt svæði og teljist varla til Elliðaárdalsins og markmið sé fyrst og fremst "að auka félagslegan fjölbreytileika" í þessu hverfi. Er Breiðholtið virkilega dæmi um lítinn fjölbreytileika og hverjum á að úthluta þessum lóðum? Elliðaárdalurinn er náttúruperla allra borgarbúa og eitt af fáum útivistarsvæðum sem ekki er mikið raskað af inngrípum. Þetta umrædda svæði, sem og önnur í dalnum er mikið notað, bæði af nærumhverfi sem og öðrum borgarbúum, öll byggð þarna mun augljóslega skerða gæði þessa útivistarsvæðis sem heildar og ekki einungis þar sem byggt verður. Ef einhverjir ættu að gera sér grein fyrir því ætti það að vera Umhverfis og skipulagssvið borgarinnar og sjá sóma sinn í því að friðlýsa dalinn, ég segi svei og nei.

Höfundur: Vilborg Ámundadóttir/ [REDACTED]

Sent inn þann: 29.08.2023



Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
skipulagsfulltrúi
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík 29.ágúst 2023

Þróunarsvæði við Suðurfell, skipulagslýsing. _ Umsögn.

Vísað er í tölvubréf úr skipulagsgátt dags. 11. ágúst 2023 varðandi beiðni um umsögn um:
Suðurfell-skipulagslýsing, nr. 0446/2023 (nýtt deiliskipulag).

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur er svæðið skilgreint sem þróunarsvæði fyrir nýja íbúðabyggð. Í hverfisskipulagi Breiðholts er reiturinn sýndur nokkuð stærri en gert er ráð fyrir að byggt verði á svæði sem samrýmist landnotkunarákvæðum aðalskipulagsins, uppbygging á a.m.k 50 íbúðum.

Ellidaárdalur mikilvægt náttúru- og útivistarsvæði, á náttúruminjaskrá og að hluta hverfisverndaður. Mikilvægt er því að uppbygging í jaðri dalsins sé gerð af nærfærni.

Uppbyggingarsvæðið er í töluverðum halla og má því búast við land spillist meira vegna skeringa en á flatari landi.

Áréttað er mikilvægi markmiða um að byggðin falli vel að landi og rýna vel áhrif landhalla á uppbyggingu. Landhallinn setur takmörk á mögulega nýtingu.

Mikilvægt er að standa vel að útfærslu blágrænna ofanvatnslausn þannig að frárennsli hafi ekki áhrif á árnar.

Virðingarfyllst,

Þórólfur Jónsson
deildarstjóri náttúru og garða
skrfst. umhverfisgæða

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Þetta er nú alveg óþarfi. Það ætti amk. að vera 200-300 metrar frá ánni að næstu húsum. Það er ekki eins og okkur vanti lóðir. Þetta eyðileggur alla stemmingu með Elliðadalinn að skera svona endalaust einhverjar klípur af honum.

Höfundur: Steinþór Bjarni Grímsson [REDACTED]

Sent inn þann: 30.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Þetta svæði á að fá að vera í friði. Við þurfum að varðveita óll græn útivistarsvæði sérstaklega í kringum Elliðaárdalinn einstakt útivistarsvæði sem íbúar Breiðholts og allir aðrir nýta sér á hverjum degi. Hvernig stendur á því að borgarstjórn þykist standavfyrir græn gildi en ganga svo á öll útivistarsvæði, allt sem er náttúrulegt og fallegt. Nóg land til fyrir íbúðabyggingu hér í úlfarsárdal og víðar. Þorum ekki fegurri náttúru fyrir ljót hús til ágóða fyrir verktaka. Þetta er borgin okkar.

Höfundur: Katrín Þorsteinsdóttir

Sent inn þann: 30.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Elliárdalurinn hefur verið notaður af borgarbúum í áratugi sem útivistarsvæði, leiksvæði, kennslusvæði og verðmæti hans eykst með ári hverju. Sérstaklega í ljós áætlað um þéttingu byggðar og aukins ágangs á græn svæði innan borgarmarkanna. Græn svæði í stórborgum erlendis eru ein dýrmætustu svæðin í augum borgarbúa, ekki vegna þeirrar byggingamöguleika sem þau bjóða upp á, heldur vegna þeirrar friðsemdar og náttúrufegurðar sem þar er að finna og eru orðin sjaldgæf vin innan borga heimsins í dag. Reykjavík hefur verið þeirrar gæfum gædd að vera með mörg opin og græn svæði. En nú standa breytingar til. Við megum ekki gleyma í byggðarþéttingarhamaganginum að grænu útivistarsvæðin sem eru mynduð á náttúrulega máta en ekki með aðfluttum tónþökum og landslagsarkitektúr eru dýrmæt að því leyti að ekki er hægt að öðlast þau til baka svo glatt. Við eigum því að fara okkur hægt í að útrýma slíkum náttúruauðlindum og þá sérstaklega í nágrenni borga og bæja. Nálægð við slík svæði eru lífsgæði sem margir átta sig ekki á fyrr en um seint. Sem umhverfisfræðingur tel ég að það sé afar slæmt að minnka svæði dalsins. Rannsóknir hafa sýnt fram á áhrif grænna svæða á líkamlega heilsu og geðheilsu fólks og því er mikilvægt að borgarbúar hafi áfram aðgang að síkum svæðum eftir því sem áætlanir um þéttingu byggjaðar aukast. Dalurinn er einstakur á margan máta. Í gegnum hann rennur laxá sem verður að teljast einstakt á heimsvísu að hafa laxveiðiá í miðri borg. Allir borgarbúar og landsmenn, á öllum aldri geta nýtt sér dalinn til útivistar. Svæðið hentar bæði hreyfihömluðum sem og gæludýrum. Dalurinn er því einstakur fyrir alla þá sem hann nota. Ef hann verður minnkaður og látinn hörfa fyrir byggð þá verður sú framkvæmd óafturkræf með tilheyrandi afleiðingum fyrir bæði núverandi og komandi kynslóðir. Það er gríðarlega mikilvægt að bjarga Elliðaárdalnum og leyfa honum að standa í núverandi mynd því hann er verðmæt eign landsmanna og dýra.

Höfundur: Málfríður Ómarsdóttir/

Sent inn þann: 30.08.2023

Rannsóknir um áhrif grænna svæða á líkamlega heilsu og geðheilsu fólks:

How do green spaces in urban areas impact anxiety and depression outcomes?

<https://www.news-medical.net/news/20230605/How-do-green-spaces-in-urban-areas-impact-anxiety-and-depression-outcomes.aspx#:~:text=Further%20green%20spaces%20encourage%20greater,risk%20of%20low%20mood%20disorders.>

Jo Barton And Mike Rogerson (2018): The importance of greenspace for mental health. The importance of greenspace for mental health. Available at:

<https://www.cambridge.org/core/journals/bjpsych-international/article/importance-of-greenspace-for-mental-health/EEFD7077B5E3823086FB187FABE535C2>

Liu, Z. et al. (2023) "Green space exposure on depression and anxiety outcomes: A meta-analysis", *Environmental Research*, p.116303. doi: 10.1016/j.envres.2023.116303.

<https://www.sciencedirect.com/science/article/abs/pii/S0013935123011076>

Alcock, I., White, M. P., Wheeler, B. W., et al (2014) Longitudinal effects on mental health of moving to greener and less green urban areas. *Environmental Science and Technology*, 48, 1247–1255.

Barton, J., Bragg, R., Wood, C., et al (eds) (2016) *Green Exercise: Linking Nature, Health and Well-Being*. Routledge.

Brymer, E. & Davids, K. (2014) Experiential learning as a constraint-led process: an ecological dynamics perspective. *Journal of Adventure Education and Outdoor Learning*, 14, 103–117.

Craig, J. M., Logan, A. C. & Prescott, S. L. (2016) Natural environments, nature relatedness and the ecological theater: connecting satellites and sequencing to shinrin-yoku. *Journal of Physiological Anthropology*, 35, 1.

Kellert, S. R. (2016) Nature in buildings and health design. In *Green Exercise: Linking Nature, Health and Well-Being* (eds J. Barton, R. Bragg, C. Wood, et al), pp. 17–25. Routledge.

Maas, J., Verheij, R. A., De Vries, S., et al (2009) Morbidity is related to a green living environment. *Journal of Epidemiology and Community Health*, 63, 967–973.

Mitchell, R. (2013) Is physical activity in natural environments better for mental health than physical activity in other environments? *Social Science and Medicine*, 91, 130–134.

Shanahan, D. F., Fuller, R. A., Bush, R., et al (2015) The health benefits of urban nature: how much do we need? *Bioscience*, 65, 476–485.

van den Berg, A. E., Hartig, T. & Staats, H. (2007) Preference for nature in urbanized societies: stress, restoration, and the pursuit of sustainability. *Journal of Social Issues*, 63, 79–96.

van den Berg, A. E., Maas, J., Verheij, R. A., et al (2010) Green space as a buffer between stressful life events and health. *Social Science and Medicine*, 70, 1203–1210.

Wells, N. M. & Evans, G. W. (2003) Nearby nature a buffer of life stress among rural children. *Environment and Behavior*, 35, 311–330.

White, M. P., Bell, S., Elliott, L. R., et al (2016) The health benefits of blue exercise in the UK. In *Green Exercise: Linking Nature, Health and Well-Being* (eds J. Barton, R. Bragg, C. Wood, et al), pp. 69–78. Routledge.

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: As a visitor here, I'm fascinating to have green areas in the capital area. It's just fantastic and amazing and it makes Reykjavik a beautiful place for living. However, when I came to hear that more houses are going to be added on the Valley area and reducing it size significantly I was shocked and appealed! I can't believe that a large part of this amazing area in the heart of the city will be gone! I beg the authorities to consider again those plans and try to preserve these beautiful area

Höfundur: Daniel G. Villarroel [REDACTED]

Sent inn þann: 30.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Elliðaárdalinn er eitt aðal útivistarsvæði borgarinnar og útivist er mikilvægur þáttur í lýðheilsu borgarbúa. Ég vil gera eftirfarandi athugasemdir við skipulagslýsingu fyrir Suðurfell - Mál nr.446/2023: ? Deiliskipulagið er hluti af Elliðaárdalnum. Umrædd byggingaráform þrengja mjög mikið að útivistarsvæði dalsins. Bent er á að stígarnir á svæðinu sem fyrirhuguð íbúða byggð kemur til með að útrýma eru samkvæmt Borgarskipulagi skilgreindir sem hluti af göngu og hjólastígakerfi Elliðaárdalsins, en ekki efra Breiðholts. ? Gróna svæðið sem fyrirhuguð íbúðabyggð kemur til með að útrýma er grónasta svæðið í efrihluta Elliðaárdalsins Breiðholtsmegin. Þessu svæði er ekki hægt að fórna undir íbúðarbyggð og draga með því úr lífsgæðum íbúa hverfisins og höfuðborgarsvæðisins. ? Aðgangur fólks sem býr í blokkum í nágrenni Suðurfells er verulega skertur með tilkomu þessara byggingaárforma þar sem þetta er þeirra eina leið að dalnum án þess að ganga í gegnum einbýlishúsa byggð. Fólkið í þessum blokkum er mikið til einstaklingar sem flutt hafa til landsins og eru ekki með íslensku sem fyrsta tungumál. Þessi hópur á sér ekki sterkan málsvara og það er ábyrgð stjórnvalda að huga sérstaklega að þessu. Hér hefðu gögn þurft að vera á fleiri tungumálum en íslensku og sértæk kynning að eiga sér stað. ? Í kynningu á lokakafla Arnarnesvegjar er umfjöllun um mengun frá yfirborðsvatni og hættuna sem af því stafar á lífríki Elliðaárinnar þar sem mengun árinna sé komin að þolmörkum. Með vísan til þessa er bent á að þessi byggingaráform eru viðbót við mengunar áhættu Elliðaárinnar með varanleganum skaða á lífríki dalsins til framtíðar litið. ? Í gögnum með ný samþykktum Arnarnesvegi var talað um kosti þess að vegurinn kæmi ekki nálægt stórrí íbúðarbyggð þegar vegurinn kæmi úr Kópavogi inn til Reykjavíkur. Með þessum breytingum á skipulagi við Suðurfell er sú röksemd horfin út í veður og vind og spurning hvort ekki þurfi að skoða þessa breytingu sérstaklega í þessu samhengi. ? Sá aðskildi hjóla- og göngustígur sem gerður hefur verið upp Elliðaárdalinn sunnan megin í dalnum er ein aðal tenging hjólafólks sem notar þetta stígakerfi til að hjóla upp í Heiðmörk. Þess má líka geta að gögnu- og hjólastígarnir hafa verið til margra ára hluti keppnisleiðar fyrir langhlaup í Elliðaárdalnum sem er eitt af mörgum föstum viðburðum í dalnum. ? Fyrirhuguð byggingaráform koma til með að hafa í för með sér verulegt skógarhögg á svæðinu. Farið er fram á að leitað verði álits þar til bærra yfirvalda samkvæmt lögum og reglum sem um skógarhögg á yfirgripsmiklu og stóru landsvæði gilda, s.s. Skipulagsstofnunar og Skólgræktarinnar, á fyrirhugðu skógarhöggi og þeim mótvægisáðgerðum sem grípa þarf til í kjölfarið. Þess er vænst að aldrei þurfi að koma til þess að ráðist verði í þetta skógarhögg. ? Hvaða tryggingu hafa borgarþáar fyrir því að borgin breyti ekki upphaflegri grunn forsendu um Vistvæna byggð með 50-75 sérbýlishúsum á einni til tveim hæðum þegar nú þegar er búið að fella út hámarksfjölda íbúða og einungis talað um „uppbyggingarreit fyrir 50 íbúðir eða fleiri“. Getum við átt von á fleiri slíkum breytingum eins og þegar hámarkshæð er breytt í 2-3 hæðir og talað um að um smávægilegar breytingar sé að ræða. Hér væri hins vegar um að ræða meiriháttar og stórvægilegar breytingu sem myndi hafa mjög róttækar breytingar í för með sér á ásýnd þessa svæðis.

Höfundur: Anna Sif Jónsdóttir/ [REDACTED]

Sent inn þann: 30.08.2023

Efni: Umsögn um skipulagslýsingu vegna þróunarsvæðis við Suðurfell:

Árið 2020 greip Stangaveiðifélag Reykjavíkur (SVFR) til sértækra aðgerða við Elliðaárnar í því skyni að vernda laxastofninn í ánni, sem átti þá verulega undir högg að sækja. Aðgerðirnar voru gerðar að beiðni Hafrannsóknarstofnunar eftir útgáfu skýrslu sem Guðni Guðbergsson, fiskifræðingur, gerði fyrir Orkuveitu Reykjavíkur. Skýrslan þótti svört og kalla á afgerandi viðbrögð til verndar laxastofninum, enda hafði þá hrygningarstofn Elliðaáanna farið minnkandi og langoftast verið undir meðaltali frá árinu 1990.

Að mati vísindamanna er engin einföld skýring á þessari þróun, en ljóst má vera að margir áhrifaþættir spili saman. Meðal þeirra má nefna umferð og umgengni við árnar, byggð sem hefur færst nær ánum, fjölgun mannvirkja á ársvæðinu, skipulagsmál og ljósmengun sem truflar fisk í hrygningu. Mengun frá yfirborðsvatni vegna óæskilegra efna í umhverfinu, vatnstaka, landfyllingar o.fl. hafa einnig haft áhrif. Að því sögðu er vandséð, að Elliðaárnar hafi nokkurn tímann á undanförunum árum notið sérstakrar verndar eða vafans þegar ólíkir hagsmunir eru vegnir og metnir.

SVFR var stofnað árið 1939, m.a. í þeim tilgangi að vernda Elliðaárnar og koma skikki á nýtingu stofnsins í ánni. Félagið lítur á Elliðaárnar sem sinn heimavöll og óhætt er að segja, að hjarta íslenska veiðisamfélagsins slái í Elliðaárdalnum. SVFR leggur ríka áherslu á góða umgengni við árnar og hóflega framgöngu veiðimanna í dalnum, hvar margir ungir félagsmenn SVFR taka gjarnan sín fyrstu veiðiskref og aldnir þau síðustu.

Í kjölfar ofangreindrar skýrslu Guðna Guðbergssonar breytti SVFR veiðireglum í Elliðaánum, í því skyni að minnka veiðiálagið og vernda stofninn í ánni. Þannig var maðkveiði bönnuð og eingöngu heimilað að veiða á flugu, enda var sleppiskylda á öllum laxi innleidd samhliða. Aðgerðirnar hafa skilað góðum árangri og Elliðaárnar iða af lífi, til yndisauka fyrir veiðimenn og aðra gesti í Elliðaánum sem njóta þess að sjá lax stökkva í þeirri útivistarparadís sem dalurinn er.

SVFR varar eindregið við öllum áformum sem stuðla að auknu álagi á Elliðaárnar. Einstakur laxastofn árinna er viðkvæmur og skaðinn sem getur hlotist af auknum umhverfisáhrifum gæti orðið varanlegur. Félagið hvetur borgarbúa alla, borgaryfirvöld og veiðimenn til að halda vöku sinni og slá skjaldborg um Elliðaárdalinn svo þéttbýlið ógni ekki frekar en orðið er þeirri náttúruverlu sem árnar eru.

Reykjavík, 30. ágúst 2023

Stjórn Stangaveiðifélags Reykjavíkur.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
b.t. skrifstofu skipulagsfulltrúa
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík 30. ágúst 2023

Efni: Umsögn Hollvinasamtaka Elliðaárdalsins um skipulagslýsingu fyrir Suðurfell - Mál nr.446/2023.

Samkvæmt skipulagslýsingu kemur m.a. eftirfarandi fram: „Í nýju deiliskipulagi verður gert ráð fyrir lágreistri íbúðarbyggð, 1-2 hæðir, með 50-75 íbúðum.“

Hollvinasamtök Elliðaárdalsins mótmæla þessum byggingaráformum borgaryfirvalda. Hollvinasamtökin lýsa því yfir að með þessu séu borgaryfirvöld að ráðast enn og aftur inn í Elliðaárdalinn sem er eitt aðal útivistarsvæði borgarinnar. Allir eru sammála um að Elliðaárdalurinn er mikilvægur þáttur í lýðheilsu þeirra sem stunda komur sínar þangað. Fegurð Elliðaárdalsins, gróður- og veðurfar gerir dalinn mjög eftirskóknarverðan sem útivistarsvæði. Fræðimenn sem fjalla um lýðheilsu segja að útivist í skóglendi hafi ótal kosti umfram t.a.m. við umferðaræðar í borg. Þannig býður útivist í skóglendi uppá ótal kosti og endalaus tækifæri fyrir leik og hreyfingu fyrir fjölskyldur.

Hollvinasamtök Elliðaárdalsins gera eftirfarandi athugasemdir við skipulagslýsingu fyrir Suðurfell - Mál nr.446/2023:

- Deiliskipulagið er hluti af Elliðaárdalnum. Umrædd byggingaráform þröngja mjög mikið að útivistarsvæði dalsins. Bent er á að stígarnir á svæðinu sem fyrirhuguð íbúða byggð kemur til með að útrýma eru samkvæmt Borgarskipulagi skilgreindir sem hluti af göngu og hjólastígakerfi Elliðaárdalsins, en ekki efra Breiðholts.
- Gróna svæðið sem fyrirhuguð íbúðabyggð kemur til með að útrýma er grónasta svæðið í efrihluta Elliðaárdalsins Breiðholtsmegin. Þessu svæði er ekki hægt að fórna undir íbúðarbyggð og draga með því úr lífsgæðum íbúa hverfisins og höfuðborgarsvæðisins.
- Aðgangur fólks sem býr í Suðurfelli og nærliggjandi götum við Elliðaárdalinn er verulega skertur með tilkomu þessara byggingarárforma þar sem þetta er þeirra leið að þessu útivistarsvæði Elliðaárdalsins.
- Samkvæmt niðurstöðum nýlegrar skýrslu frá European Environment Agency er Reykjavík í 30. sæti af 38 borgum í Evrópu varðandi aðgang/aðgengi að grænum svæðum. Síðan skýrslan var gerð hefur skipulega verið gengið á græn svæði borgarinnar og með þessum fyrirhuguðu byggingaráformum munum við færast enn neðar á listann.
- Í kynningu á lokakafli Arnanesveggar er umfjöllun um mengun frá yfirborðsvatni og hættuna sem af því stafar á lífríki Elliðaárinnar þar sem mengun árinna sé komin að þolmörkum. Með vísan til þessa er bent á að þessi byggingaráform eru viðbót við mengunar áhættu Elliðaárinnar með varanleganum skaða á lífríki dalsins til framtíðar litið.

- Í gögnum með ný samþykktum Arnarnesvegi var talað um kosti þess að vegurinn kæmi ekki nálægt stórri íbúðarbyggð þegar vegurinn kæmi úr Kópavogi inn til Reykjavíkur. Með þessum breytingum á skipulagi við Suðurfell er sú röksemd horfin út í veður og vind og spurning hvort ekki þurfi að skoða þessa breytingu sérstaklega í þessu samhengi.
- Sá aðskildi hjóla- og göngustígur sem gerður hefur verið upp Elliðaárdalinn sunnan megin í dalnum er ein aðal tenging hjóla- og göngufólks sem notar þetta stígakerfi til að hjóla upp í Heiðmörk. Þess má líka geta að göngu- og hjólastígarnir hafa verið til margra ára hluti keppnisleiðar fyrir langhlaup í Elliðaárdalnum sem er eitt af mörgum föstum viðburðum í dalnum.
- Hollvinasamtök Elliðaárdalsins ítreka mikilvægi þess að ytri mörk Elliðaárdalsins verði friðlýst til að koma í veg fyrir síendurtekin áform borgarinnar um að ganga á græn svæði í dalnum.
- Fyrirhuguð byggingaráform koma til með að hafa í för með sér verulegt skógarhögg á svæðinu. Farið er fram á að leitað verði álits þar til bættra yfirvalda samkvæmt lögum og reglum sem um skógarhögg á yfirgripsmiklu og stóru landsvæði gilda, s.s. Skipulagsstofnunar og Skógræktarinnar, á fyrirhugðu skógarhöggi og þeim mótvægisáðgerðum sem grípa þarf til í kjölfarið. Þess er vænst að aldrei þurfi að koma til þess að ráðist verði í þetta skógarhögg.
- Hvaða tryggingu hafa borgarþáttar fyrir því að borgin breyti ekki upphaflegri grunnforsendu um Vistvæna byggð með 50-75 sérbýlishúsum á einni til tveim hæðum þegar nú þegar er búið að fella út hámarksfjölda íbúða og einungis talað um „uppbyggingarreit fyrir 50 íbúðir eða fleiri“. Getum við átt von á fleiri slíkum breytingum eins og þegar hámarkshæð er breytt í 2-3 hæðir og talað um að um smávægilegar breytingar sé að ræða. Hér væri hins vegar um að ræða meiriháttar og stórvægilegar breytingu sem myndi hafa mjög róttækar breytingar í för með sér á ásýnd þessa svæðis. Slíkar breytingar líta Hollvinasamtök Elliðaárdalsins á sem algeran forsendubrest á þessu skipulagi.

Hollvinasamtök Elliðaárdals lýsa yfir andstöðu sinni við fyrirhugaða íbúðarbyggð og skógarhögg við Suðurfell.

Fyrir hönd Hollvinasamtaka Elliðaárdalsins
 Halldór Páll Gíslason
 formaður

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: „Þykir okkur ekki öllum vænt um tré? Og náttúru og að hafa hér græn svæði?“ sagði formaður borgarráðs þegar upp kom að fella þurfi tré í Öskjuhlíð í þágu flugöryggis. Ég vona að borgaryfirvöld láti sér svo annat um fleiri græn svæði en bara Öskjuhlíðina. Það er enginn vafi á því að gríðarleg óánægja er með þessa fyrirhuguðu byggð og íbuar hverfisins sem aðrir hafa af þessu miklar áhyggjur. Ég tek undir þessar áhyggjur og óánægju og skora á borgaryfirvöld að hverfa frá þessum áætlunum hið snarasta. Hér hefur margt nauðsynlegt verið nefnt í athugasemdum í skipulagsgáttinni og svo sem óþarfi fyrir mig að endurtaka það allt. Eitt vil ég þó segja. Íbúum höfuðborgarsvæðisins fjölga sífellt og þeim mun halda áfram að fjölga um ókomna tíð. Það er því ekki bara núna sem þörf er á nýrri byggð heldur verður sú þörf áfram viðverandi, löngu eftir okkar dag. Við viljum öll hafa græn svæði innan borgarinnar og það er gríðarlega mikilvægt að vernda þau. Hvað er þá til ráða? Meðan okkur fjölga þá verðum við hreinlega að sætta okkur við að dreifa þarf enn meira úr byggð, byggja fleiri íbúðablokkir og nokkrar þeirra þurfa að vera mjög háar. Þannig eru stórar og fjölmennar borgir. En göngum ekki á rómuð útivistarsvæði eins og Elliðaárdalurinn er. Eða Öskjuhlíð ef út í það er farið. Ég geng einu sinni til tvisvar á hverjum degi inn um þetta svæði inn í dalinn þar sem fyrirhugað er að byggja. Það gerir mikill fjöldi íbúa í Fellahverfi sem liggur gegnt fyrirhuguðu byggingarsvæði. Mjög áhugavert væri að sjá tölur yfir fjölda þeirra sem þar fara á hverjum degi. Teljari er við göngustiginn inn í dalinn á þessum stað en mér hefur ekki tekist að finna upplýsingar frá þeim teljara. Samkvæmt deiluskipulaginu fer þessi gönguleið undir fyrirhugaða byggð og skapar enn meiri fjarlægð milli fjölmennrar byggðar og útvisvarparadísarinnar sem dalurinn er. Ekki nóg með það heldur kemur hinn óvelkomni Arnarnesvegur beint ofan í byggðina, framtíðaríbúum í þessari fyrirhuguðu byggð þar eflaust til lítillar ánægju með tilheyrandi hávaða og annarri mengun. Kæru borgaryfirvöld, hlustið á okkur.

Höfundur: Hans Steinar Bjarnason

Sent inn þann: 30.08.2023



Umhverfis- og skipulagssvið
Höfðatorg - Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Umsögn íbúaráðs Breiðholts - Skipulagslýsing/Suðurfell

Á fundi íbúaráðs Breiðholts 30. ágúst 2023 var lögð fram og samþykkt umsögn íbúaráðs Breiðholts um skipulagslýsingu fyrir Suðurfell, dags. 30. ágúst 2023, ásamt bréfi Skipulagsgáttar, dags. 27. júlí 2023, með umsagnarbeiðni Reykjavíkurborgar um skipulagslýsingu fyrir Suðurfell, sbr. 1. liður fundargerðar ráðsins sama dag. Fulltrúi Sjálfstæðisflokks, fulltrúi foreldrafélaga og slembivalinn fulltrúi sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Fulltrúar Samfylkingar, Framsóknar, íbúasamtaka, foreldrafélaga og slembivalinn fulltrúi lögðu fram svohljóðandi bókun:

Skiptar skoðanir eru í íbúaráðinu um þennan uppbyggingareit sem skipulagslýsingin nær til. Elliðaárnar, lífríkið þeirra og vatnasvið hefur mátt þolað ágang og rask okkar mannfólksins í áratugi. Rannsóknir sýna grósku í laxastofni árinna en laxgengd síðasta árs var 20% umfram meðaltal laxagöngu ánum síðasta áratug. Því er mikilvægt að stíga varlega til jarðar ef svæðið fer í uppbyggingu.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokks lagði fram svohljóðandi bókun:

Skipulagslýsingin um þróunarsvæðið við Suðurfell hefur sína kosti og galla. Einn af efnislegum kostum skipulagslýsingarinnar er að með henni er lagður grundvöllur að uppbyggingu íbúðahúsnæðis sem líkleg er til að koma til móts við eftirspurn eftir meðalstórum íbúðum í Fellahverfi. Gallar skipulagslýsingarinnar eru margvíslegir, m.a. vegna þess að með henni er verið að minnka græn svæði í borginni og með henni kann að hefjast ófyrirséð vegferð sem gæti hægt og bítandi endað með verulegri röskun á verndun Elliðaárdalsins sem útivistarparadísar. Þau ummæli í skipulagslýsingu að skipulagssvæðið sé kjarrvaxinn mói með einstaka melum vekur nokkra furðu og það sama á við um allan skort á umfjöllun um tengingu þessa svæðis við fyrirhugaða legu Arnarnesvegjar. Einnig er vert að halda því til haga að hvorki hverfisSKIPULAG né deiliskipulag getur leiðrétt það sem fram kemur í aðalskipulagi, sbr. umsögn Skipulagsstofnunar, dags. 23. ágúst 2023. Að öllum framanrituðu leiðir að þörf er á að vinna málið betur og vonandi verður á síðari stigum þess unnt að taka fullnægjandi tillit til allra þeirra athugasemda sem berast

Þessu er hér með komið á framfæri ásamt hjálagði umsögn íbúaráðs Breiðholts um skipulagslýsingu fyrir Suðurfell.



Reykjavíkurborg

Virðingarfyllst,
Heimir Snær Guðmundsson
Miðlæg stjórnsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Starfsmaður íbúaráða

Hjálagt: Umsögn íbúaráðs Breiðholts um skipulagslýsingu fyrir Suðurfell.

Umsögn íbúaráðs Breiðholts við skipulagslýsingu vegna þróunarsvæðis í suðausturhluta Fellahverfis

Reykjavík, ágúst 2023

Um er að ræða svæði, reitur 6.3.28.p sem er blanda af kjarr vöxnum móa, melar og grænu skjólgerði er liggur austan við Fellahverfi í efra Breiðholti en aðkoman er í gegnum Suðurfell undir byggð við Nönnufell, Möðrufell, Kötlufell og smá hluta Keilufells. Blandaður stígur fyrir gangandi og hjólandi liggur samhliða Suðurfelli og tengist öðru stígakerfi sem liggur samhliða Breiðholtsbraut til austurs. Einn malarstígur liggur að hluta undir umrætt svæði er tengist öðrum malarlóða neðar í hlíðinni.

Skiptar skoðanir eru í íbúaráðinu um þennan uppbyggingareit sem skipulagslýsingin nær til. Elliðaárnar, lífríkið þeirra og vatnasvið hefur mátt þolað ágang og rask okkar mannfólksins í áratugi. [Nýjustu rannsóknir Laxfiska](#) sýna grósku í laxastofni árinna en laxgengd á síðasta ári var 20% umfram meðaltal laxagöngu ánum síðasta áratug. Þetta eru góðar fréttir og undirstrika nauðsyn þess að stíga verður varlega til jarðar.



Ef ákveðið verður að byggja reitinn upp þá eru nokkur atriði sem íbúaráðið vill koma á framfæri og leggja áherslu á.

Íbúaráðið óskar eftir því að ábendingar sem komu inn í gegnum víðtækt samráðsferli við gerð Hverfisskipulagsins verði í forgangi en þar komu fram mikilvægar ábendingar um að vöntun væri á meðalstórum íbúðum fyrir stækkandi fjölskyldur. Íbúaráðið tekur undir þessar ábendingar og vill halda þeim á lofti í þessari umsögn en brýn þörf er á milli-stórum eignum í þennan hluta hverfisins en síður minni eignum í fjölbýli.

Ráðið kallar eftir því að þróunarsvæðið við Jórufell, reitur 6.3.30.p, verði unnið samhliða og það tengt við uppbygginguna sem framundan er við Suðurfellið í opinni samkeppni. Þetta er svæði sem tengist lífsgæðum íbúa og samræmd sýn á uppbygginguna er mjög mikilvæg fyrir þróun hverfisins til framtíðar. Skýr vilji íbúa kom fram í ábendingum við vinnu Hverfisskipulagsins þar sem kallað var eftir heildar endurskoðun á Jórufellsreitnum og horft verði til einstaka ásýnd húsa sem standa við Keilufell, sem er hverfisverndað svæði. Hverfisverndarsvæði er einstök hús, húsaðir og götummynd eða samstæður húsa og heildar.

Finnst ráðinu mikilvægt að standa vörð um núverandi gróðurþekju á svæðinu jafnvel einstök tré þar sem því verður komið við en í lýsingunni er talað um mikilvægi þess að tryggja fjölbreytileika lands og lífríkis með markvissri verndun og viðhaldi.

Telur ráðið brýnt að mjög skýrt komi fram hvernig lífsgæði byggðar á reitnum verði tryggt með tilliti til umferðar, loftgæða og hljóðvistar frá Breiðholtsbraut og loka áfanga Arnanesvegar. Það vekur undrun ráðsins að ekki hafi verið settar inn afstöðumyndir af Arnanesveginum inn í

skipulagslýsinguna þannig að íbúar geti áttað sig betur á afstöðu umferðamannvirkja sérstaklega þar sem landhalli er umtalsverður.

Ráðið leggur ríka áherslu á að aðgengi og öryggi hjólandi og gangandi að og um stígakerfi dalsins á meðan framkvæmdum stendur verði tryggt allan framkvæmdatímann en um er að ræða mikilvæga samgöngutengingu upp og niður dalinn.

Að lokum vill ráðið áréttu að reynt verði eftir mesta megni að raska sem minnst náttúru umhverfis framkvæmdasvæðið og að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar fylgist með lífríki og gæðum Elliðaána fyrir neðan framkvæmdasvæðið allan framkvæmdatímann. Að hugað verði að grænum ofanvatnslausnum til vernda vatnasvið árinna enn frekar og draga þannig úr hugsanlegum neikvæðum áhrifum nýrrar byggðar.

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Ég er alfarið á móti að þetta frábæra útivistarsvæði verði tekið undir íbúðir. Við þurfum okkar grænu svæði. Þarna er verið að ráðast á útivistarsvæði sem er mikið notað af fólki sem býr í kring. Þetta er eitt af fáum grænum svæðum innan Reykjavík og ætti að fá að halda sér áfram. Þarna er stanslaus straumur af fólki sem nýtir þetta í göngutúra, hjólreiðatúra og hlaup.

Höfundur: Guðrún Stefánía Lárusdóttir/

Sent inn þann: 31.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Þetta er eitt af fallettri grænu svæðum borgarinnar sem allir í fjölskyldunni hafa gengið um og þykir vænt um. Það ætti alls ekki að byggja íbúðarhúsnæði sem skerða aðgang að náttúrunni og gönguleiðum sem þarna eru.

Höfundur: Áslaug Björk Eggertsdóttir/ [REDACTED]

Sent inn þann: 31.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Sem Breiðholtsbúi set ég mig á móti því að verið sé að ganga á grænt útivistarsvæði sem er vel nýtt af íbúum hverfisins.

Höfundur: Eggert Óskarsson [REDACTED]

Sent inn þann: 31.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Ég andmæli þessum fyrirætlunum af öllu mínu hjarta og bið ykkur aðeins að slaka á í þeim æðibunugangi sem virðist ríkja í skipulagi á þéttingu byggðar í Reykjavík! Elliðaárdalurinn og Elliðaáin eru náttúruperlur sem ennþá virka sem náttúruperlur og allir Reykvingar eru stoltir af því að við eigum LAXVEIÐIÁ innan Borgarmarkanna! Það er reyndar önnur LAXVEIÐIÁ innan Borgarmarkanna, en það er Leirvogsa, þið ættuð kannski bara að fara að skipuleggja byggð þar, nóg er af landinu á því svæði, allt Álfsnesið einsog það leggur sig.

Höfundur: Ingibjörg R Pengilsdóttir/ [REDACTED]

Sent inn þann: 31.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Hræðileg skammsýni, vonandi ekkert verra, að þið ætlið að skera af þessu græna svæði. Verði það raunin mun ykkar minnst eins og annarra niðinga sem hafa vaðið yfir lítt snortna náttúru á skítugum skónum.

Höfundur: Einar Steingrímsson/ [REDACTED]

Sent inn þann: 31.08.2023



Reykjavíkurborg
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 1
101 Reykjavík

sent í gegnum skipulagsgátt

Reykjavík, 31. ágúst 2023

Umsögn Landvendar um Suðurfell – skipulagslýsing, mál nr. 446/2023

Þó Landvernd styðji þéttingu byggðar er ekki sama hvernig hún er gerð. Þétting byggðar er mikilvægt loftslags- og náttúruverndarmál sem tryggir að borgin þenjist ekki út inn á óbyggð svæði utan við borgina og styttir vegalengdir og gerir því samgöngur með fjölbreyttum ferðamáta greiðari.

Umrætt svæði er í sjálfu sér mikilvægt útivistarsvæði en þrengir einnig að einu markverðasta, mest nýttu og fegursta útivistarsvæði Reykvíkinga, sjálfum Elliðaárdalnum. Landvernd hvetur Reykjavíkurborg til að endurskoða áform um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á þessu svæði. Landvernd mun áfram fylgjast með framgöngu málsins.

*Með vinsemd og virðingu,
f.h. stjórnar Landvendar*

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Ég mótmæli þessum áætlunum. Þetta er fallett útivistarsvæði sem væri mikill missir af. Ég er ekki Breiðholtsbúi sjálf en hef nýtt þetta svæði til útivistar. Svona græn svæði eru mikilvæg geðheilsu fólks og það er mikil skammsýni að ætla að byggja og þrengja að Elliðárdalnum.

Höfundur: Hildur Hjálmarsdóttir

Sent inn þann: 31.08.2023

Vegna: Máls nr. 0446/2023, Suðurfell - skipulagslýsing (Lýsing)

Athugasemd: Ég mótmæli eyðileggingu á þessu mikilvæga útivistarsvæði. Þó svo ég sé búsett í Mosfellsbæ þá er ég uppalinn í Breiðholti og sæki mikið í útivist á mínum gömlu heimahögum. Leyfið náttúrunni að nota vafans.

Höfundur: Harpa Mjöll Gunnarsdóttir

Sent inn þann: 31.08.2023

Umsögn vegna nýs deiliskipulags, þróunarsvæðis við Suðurfell.

Berist til Umverfis- og skipulagsráðs.

Umsögnin er einnig send á Umhverfisstofnun, Umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytið og Heilbrigðisráðuneytið vegna áhrifa framkvæmda í Elliðaárdal á lýðheilsu borgarbúa.

Ísland er langt undir meðaltali OECD-ríkjanna þegar kemur að skipulögðum grænum svæðum í þéttbýli samkvæmt nýlegri úttekt OECD um húsnæðismarkaðinn á Íslandi. Einungis 3,5% svæða í þéttbýli eru skipulögð sem græn svæði hérlendis samanborið við 17% meðaltal OECD-ríkjanna. Þetta kom fram í svari Guðlaugs Þórs Þórðarsonar umhverfisráðherra við fyrirspurn Diljár Mistar Einarsdóttur á Alþingi 30. maí 2023. Ef ekkert er að gert verður gengið enn frekar á þessi grænu útivistarsvæði í Reykjavík og þar má helst nefna byggingaráform við Elliðaárdal, áhrif veg framkvæmda vegna Arnarnesvegur við Elliðaárdal og Vatnsendahvarf og áhrif landfyllinga og fyrirhugaðrar uppbyggingu borgaryfirvalda og Faxaflóahafna á strandlengjum við Skerjafjörð og Laugarnestanga. Undirrituð mótmælir nýju deiliskipulagi Reykjavíkurborgar og að til standi að leggja 4,3 hektara af grænu svæði við Elliðaárdal undir byggð, nánar tiltekið fyrir 50 - 75 íbúðir (50 eða fleiri íbúðir samkvæmt aðalskipulagi), með tilheyrandi skógarhöggi og raski á umhverfinu. Landið sem um ræðir er ósnert svæði austan við Fellahverfi í efra Breiðholti. Þar liggja göngustígar og hjólastígar sem eru hluti af göngustígakerfi Elliðaárdals. Elliðaárnar renna fyrir neðan og er svæðið mikilvægt íbúum þegar kemur að útivist og lýðheilsu. Samleggðaráhrif framkvæmda í kringum Elliðaárdal mun hafa áhrif á lýðheilsu og skerða lífsgæði þeirra sem þar búa, sem og allra íbúa Reykjavíkur og komandi kynslóða. Aðgerðirnar geta haft óafturkræf áhrif á lífríki svæðisins, laxastofninn í Elliðaánum og fuglalíf í dalnum. Aukin mengun frá umferð kallar á endurskoðun svæðisins þegar kemur að kolefnisjöfnun, heilsu íbúa og lífríkis.

Áhrif framkvæmda á Elliðaárnar

Nú þegar hefur verið farið af stað með framkvæmdir við nýjar byggingar við ósa Elliðaár áður en niðurstöður vísindamanna um áhrif þeirra á laxastofnin lágu fyrir. Framkvæmdir við nýjan Arnarnesveg við Vatnsendahvarf og fyrirhugaðar framkvæmdir fyrir ofan Elliðaárnar við Suðurfell munu leggja samtals 16 hektara af grænu svæði undir vegi, byggingar og bílastæði með ófyrirséðum

áhrifum á Elliðaár og umhverfið í kring. Mikilvægasta vistkerfið í Elliðaárdalnum eru Elliðaárnar en vatnasvið þeirra er með stærri og mikilvægari ferskvatnssvæðum á höfuðborgarsvæðinu og þar er auðugt lífríki. Í Elliðaánum sjálfum er gnægt af laxi enda eru árnar framleiðsluríkar vegna lífrænna efna úr Elliðavatni.

Verndarsvæði Elliðaárdals úr 400 hekturum niður í 200 hektara

Á vormánuðum 2014 kynnti þáverandi borgarstjóri fyrir Hollvinasamtökum Elliðaárdalsins á aðalfundi samtakanna í aðdraganda borgarstjórnarkosninganna, að tæplega 400 hektarar svæðisins yrðu verndarsvæði sem kallast borgargarður. Græna svæðið, svokallaður borgargarður, í Elliðaárdal hefur minnkað úr tæpum 400 hekturum í tæpa 200 hektara samkvæmt nógildandi deiliskipulagi. Undir Arnarnesveg hverfa 11,4 hektarar af grænu svæði í borginni undir vegakerfi með tilheyrandi mengun og lífsgæðaskerðingu íbúa svæðisins. Með Arnarnesvegi og fyrirhugaðri byggð í Elliðaárdal munu samtals tæpir 16 hektarar lands leggjast undir byggð og vegi þrátt fyrir mótmæli íbúa og samtaka.

Blekking borgarstjóra um friðun Elliðaárdals árið 2014

Í frétt Kjarnans frá 16. júlí 2018 kemur fram að í bókun frá fulltrúum Sjálfstæðisflokksins í skipulags- og samgönguráði árið 2014 hafi verið lögð fram tillaga í borgarráði um friðun Elliðaárdals í deiliskipulagi með svokallaðri hverfisvernd. „Svo virðist sem tillögunni hafi ekki verið fylgt eftir. Eins liggur fyrir að friðun með hverfisvernd í deiliskipulagi hefur ekki sömu réttaráhrif og friðlýsing samkvæmt náttúruverndarlögum. Elliðaár og nærliggjandi svæði virðast því hvorki friðuð með hverfisvernd né samkvæmt náttúruverndarlögum.“ Í kosningabaráttunni vorið 2018 kynnti Sjálfstæðisflokkurinn hugmynd um formlega friðlýsingu Elliðaárdals. Flokkurinn lagðist gegn hvers kyns uppbyggingu í dalnum. Í tísti Dags B. Eggertssonar borgarstjóra þann 12. maí 2018 kemur fram að Dagur hafi fengið þá tillögu samþykta í borgarráði 2. október 2014 að Elliðaárnar og nánasta umhverfi verði friðað með hverfisvernd í deiliskipulagi. „Þannig sé dalurinn þegar friðaður.“

Ábyrgð Umhverfis- og skipulagsráðs - náttúruverndarlög nr. 60/2013

Vísað er í samþykkt fyrir umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar sem samþykkt var í borgarstjórn 20. September 2022. Í samþykktinni kemur fram að umhverfis- og skipulagsráð fari með

verkefni náttúruverndarnefndar skv. Lögum um náttúruvernd nr. 60/2013. Í 1. kafla - 1. gr. laganna kemur fram að lögin eigi að stuðla að samskiptum manns og náttúru þannig að hvorki spillist líf eða land, loft eða lögur, að auðvelda umgengni og kynni almennings af náttúru landsins og menningarminjum sem henni tengjast og efla þekkingu og fræðslu um náttúruna. Tryggja á rétt almennings að fara um landið og njóta náttúrunnar og stuðla þannig að almennri útivist í sátt við náttúruna, landsmönnum til heilsubótar og velsældar.

Elliðaárdalurinn er með stærri grænum svæðum í borginni auk þess að vera staðsettur miðsvæðis og sinnir mikilvægu hlutverki við að tengja saman ólík græn svæði borgarinnar. Þess vegna er dalurinn eitt af lykilsvæðum þar sem aðgerðir sem tengjast markmiðum bæði loftslagsmála og stefnu um líffræðilega fjölbreytni verða framkvæmdar. Hlúa þarf vandlega að þeim vistkerfum og því lífríki sem dalurinn hýsir, veita nægjanlegt rými í öllum skipulags ákvörðunum, lágmarka röskun vegna framkvæmda og huga að ógnum svo sem mengun, ágengum tegundum o.fl.

Nýtt deiliskipulag - Suðurfell

Í tillögu að deiliskipulagi fyrir þróunarsvæði fyrir Suðurfell sem dagsett er 14. Desember 2018 kemur fram í kafla 4.8 um notkun/starfsemi á svæðinu að ekki sé heimild fyrir almennt íbúðarhúsnæði. Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er svæðið skilgreint sem þróunarsvæði fyrir nýja íbúðabyggð. Samkvæmt töflu 3.1 í AR2040, sem sýnir yfirlit yfir uppbyggingarreiti fyrir 50 íbúðir eða fleiri, er svæðið merkt sem uppbyggingarreitur 106, stærð 4ha, hæð húsa 1 – 2 hæðir og tilvísun í landnotkun ÍB40. Frá árinu 2018 hefur orðið breyting á áætlunum um umfang og landnotkun svæðisins og stendur ÍB (ÍB40) fyrir íbúðarbyggð samkvæmt aðalskipulagi. Í nýju deiliskipulagi er gert ráð fyrir lágrestri íbúabyggð, nánar tiltekið 1 - 2 hæðir með 50 - 75 íbúðum. Það er ljóst að aðalskipulagið opnar á möguleika fyrir fleiri íbúðir („50 íbúðir eða fleiri“) og hætt er á því að leyfi fyrir hærri húsum og fleiri íbúðum verði gefið þegar farið er af stað með ferlið eins og hefur tíðkast í Reykjavíkurborg. Íbúar hafa áhyggjur af því að ferlið sé þegar farið af stað.

Meirihlutinn samþykkir Biodome í Elliðaárdal þrátt fyrir mótmæli íbúa og athugasemd Umhverfisstofnunar. Fundur borgarráðs 4. Júlí 2019.

Í mars 2019 barst umhverfis- og skipulagssviði athugasemd frá Umhverfisstofnun vegna fyrirhugaðrar byggingar ALDIN BioDome á 12.000 fermetra landi við Stekkjabakka. Í grein Fréttablaðsins með

fyrirsögninni „Telja gróflega gengið á Elliðaárdal með fyrir hugðum gróðurhvelvingum“ þann 31. maí 2019 kemur fram: „Umhverfisstofnun telur fyrirhugaða byggingu 4.500 fermetra gróðurhvelvinga ALDIN BioDome skerða útivistarsvæði almennings verulega og þrengja að vatnasviði Elliðaár. Stór hluti dalsins muni lokast af.“ Stofnunin bendir einnig á að í stefnu borgarinnar um þéttingu byggðar sé ekki gert ráð fyrir að ganga á græn svæði Áætlað væri að ½ hektari færi undir bílastæði. Í janúar 2016 fékk BioDome (Spor í sandinn) höfnun um lóð við tjaldsvæðið Laugardalnum þar sem starfsemin hentaði ekki á svæðið, væri hún einnig fyrirferðamikil auk þess sem Hverfisráð tók illa í hugmyndina. Vorið 2016 fékk BioDome synjun um lóð í Hafnarfirði. Ástæða höfnunarinnar var m.a. nálægð við opið svæði og aukin umferð. BioDome er ljóshvelving en vísindamenn hafa varað við því að ljósmengunin gæti haft óeskileg áhrif á laxastofninn í Elliðaánum, en ónáttúrlæg lýsing getur haft truflandi áhrif á laxinn á hrygningartímanum.

4. Júlí 2019 var haldinn fundur borgarráðs. Lagt var fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 26. júní 2019. sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 26. júní 2019 á tillögu að deiliskipulagi fyrir Stekkjarbakka Þ73, ásamt fylgiskjölum. R19010136.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram málsmeðferðartillögu ásamt greinargerð þar sem lagt var til að málinu yrði frestað svo unnt yrði að taka það til umfjöllunar og afgreiðslu í borgarstjórn. Tillagan var felld með fjórum atkvæðum Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun vegna afgreiðslu tillögunnar:

„Í ljósi þeirra viðamiklu og alvarlegu athugasemda sem meðal annars koma fram í athugasemdum Umhverfisstofnunar frá. 4. mars 2019, vegna deiliskipulags við Stekkjarbakka, er gerð krafa um að efnisleg grein verði gerð fyrir því með hvaða hætti Reykjavíkurborg hefur brugðist við athugasemdunum sem þar koma fram, áður en málið verður tekið til efnislegrar afgreiðslu í borgarráði. Hvað liggur svona á“.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins lagði fram svohljóðandi bókun vegna afgreiðslu málsmeðferðartillögunnar:

„Borgarfulltrúi Miðflokksins tekur undir bókun Sjálfstæðismanna og skilur ekki hvers vegna meirihlutinn vilji ekki ræða þetta umdeilda mál í borgarstjórn.“

Tillaga að deiliskipulagi fyrir Stekkjarbakka Þ73 var samþykkt með fjórum atkvæðum borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn þremur atkvæðum borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

„Deiliskipulagstillagan sem nú er samþykkt hefur tekið miklum og góðum breytingum. Þegar hún kemur til framkvæmda mun hún glæða lífi á röskuðu svæði í útjaðri dalsins. Mannvirkin sem þar eru fyrirhugað verða að hluta til niðurgrafin og mótuð inn í landið og er landnotkunin í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. Mannvirkin geta orðið tengipunktur við útvistarperlu Elliðaárdalsins og jafnframt boðið upp á þjónustu fyrir nálæg íbúðarhverfi sem og sjálfbæra borgarræktun og náttúru í borg.“

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

„Hér er verið að samþykkja í flýti gríðarlegar breytingar á umhverfi Elliðaárdalsins. Þetta er gert í sumarleyfi borgarstjórnar til þess eins að takmarka umræðu. Þetta er gert þrátt fyrir hávæer mótmæli íbúa og alvarlegar athugasemdir Umhverfisstofnunar sem ekki hefur verið svarað. Það sætir furðu að sumir þeir sem standa að núverandi meirihluta stóðu að starfshópi um framtíðarfyrirkomulag og afmörkun Elliðaárdalsins (Sjálfbær Elliðaárdalur – Stefna Reykjavíkur Lokaskýrsla starfshóps, dags. 31. ágúst 2016). Í skýrslunni sem starfshópurinn skilaði voru mörk dalsins dregin við Stekkjarbakka (bls. 13). Hvað hefur breyst? Hér hafa fjórir flokkar sammælt um að keyra þetta mál í gegn, Samfylking, VG, Píratar og Viðreisn.“

Áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands lagði fram svohljóðandi bókun:

„Áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflokksins leggst alfarið gegn uppbyggingu Aldin Biodome á Stekkjarbakka 73 og tekur undir flest sjónarmið íbúa og hagsmunasamtaka sem vara við raski, mengun og umferð. Elliðaárdalurinn er einstök náttúruperla sem ætti alltaf að fá að njóta vafans og við, íbúar Reykjavíkur, eigum það skilið að dalurinn okkar verði verndaður og friðaður.“

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins lagði fram svohljóðandi bókun:

„Miðflokkurinn telur friðun Elliðaárdals algjört forgangsverkefni og að það verði gert í góðri sátt við íbúa borgarinnar. Telja verður með öllu óásættanlegt að fyrirhugað deiliskipulag fái afgreiðslu eða sé yfirhöfuð tekið til umræðu þar til afmörkun og friðlýsing Elliðaárdals hefur verið afgreidd í sátt við hagsmunaaðila, það er borgarbúa. Þrákelkni meirihluta Sf-Vg-C og P í þessu mikilvæga hagsmunamáli borgarbúa er með öllu óskiljanleg og virðist í engu samræmi við yfirlýst markmið þeirra um verndun grænna svæða í borginni. Að reisa glerhallir sem

gnæfa yfir einni af náttúruþerlum borgarbúa og fylla upp í eyðurnar með hundruðum bílastæða er óásættanlegt. Hér þarf að forgangsraða með hag borgarbúa í öndvegi. Að lokinni auglýsingu um breytt deiliskipulag hefur borist slíkur fjöldi athugasemda frá samtökum og íbúum að ekki er verjandi að halda lengra. Miðflokkurinn mótmælir því harðlega að málinu verði framhaldið. Krafa okkar um vinnulag hvað varðar umdeilanlegar breytingar er einföld: Umræða-Samráð- Sátt. Þetta vinnulag þekkja góðir stjórnendur en slæmir ekki. Meirihluti S-Vg-C og P fékk í síðustu kosningum umboð til að framfylgja vilja borgaranna, ekki eigin vilja. Hollvinasamtök Elliðaárdalsins hafa boðað undirskriftasöfnun um íbúakosningu og óskar Miðflokkurinn þeim velgengi þar.“

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

„Þetta er stórmál sem varðar fjölmarga. Það verður að vera íbúakosning um þetta nýja deiliskipulag fyrir nýtt þróunarsvæði á Stekkjarbakka. Elliðaárdalurinn skiptir fjölmarga máli, tilfinningamáli. Þetta er viðkvæmt svæði fullt af dýrmætu dýralífi. Um þetta verður aldrei friður nema að haft verði fullt samráð við áhugahópa, hagsmunahópa og aðra sem óska eftir að hafa skoðun á málinu. Borgarráð samþykkti, á fundi miðvikudaginn 6. desember, að veita félaginu Spor í sandinn ehf. vilyrði fyrir lóð í Stekkjarbakka í Breiðholti en ætlunin er að byggja þar gróðurhvelvingu fyrir Aldin BioDome. Þetta er afar umdeilt mannvirki. Hér er um að ræða 20 metra hátt mannvirki, hjúpað gleri. Borgarmeirihlutinn virðist vera sérlega hrifinn af háum glerhjúpamannvirkjum. Skemmst er að minnast verksins Pálma í Vogahverfi. Í þessu máli er talað um að það hafi verið haft samráð við íbúana og fólk hafi verið afar ánægt með þetta en um var að ræða einn samráðsfund eftir því sem næst er komist? Hér hefði átt að fresta málinu og taka það aftur upp í haust og þá í borgarstjórn.“

Öskjuhlíð og Elliðaárdalur, villandi upplýsingar um aukna vernd í borgargörðum

Í viðtali Vísis þann 18. Ágúst 2023 við Dag B. Eggertsson borgarstjóra vegna kröfu Isavia um að fella hæstu trén í Öskjuhlíð til þess að tryggja flugöryggi á Reykjavíkflugvelli segir Dagur: „Við vinnum þetta þannig að við auðvitað skoðum allt og fáum umsagnir. En það er ljóst að við höfum á undanförnum árum verið að auka vernd svokallaðra borgargarða eins og Öskjuhlíðin er og Elliðaárdalurinn. Svæðið er hverfisverndað í skipulagi sem er æðsta stig verndunar í gegnum deiliskipulag og hluti Öskjuhlíðar er á náttúruminjaskrá. Þannig að svona stórfellt skógarhögg myndi kalla á mjög vandaða rýni og hugsanlega umhverfismat og ýmsar leyfisveitingar. Þetta er ekkert sem er hlaupið í og vekur auðvitað allskonar spurningar því Öskjuhlíðin hefur verið þarna býsna lengi. Þó

að trén séu hærri en þau voru þegar þeim var plantað fyrir um sjötíu árum,“ Eins og áður kom fram hefur verndarsvæðið í Elliðaárdal minnkað úr tæpum 400 hekturum í 200 hektara. Borgarstjóri gefur villandi upplýsingar þegar hann talar um „að auka vernd svokallaða borgargarða.“

Kristbjörn Egilsson líffræðingur benti á í viðtali við RÚV þann 20. ágúst 2023 að tímabært væri að endurskoða skóglendið í Öskjuhlíð. Skógurinn sé dimmur og illa hirtur. Þar kemur einnig fram: „Skógræktarfélagið hefur talað fyrir því að skógurinn í Öskjuhlíð sé eitt helsta lunga borgarinnar. Þó að reynir og birki verði gróðusettt sé það samt skarð í skóginn þar sem þessar tegundir bindi ekki jafn mikið kolefni. Plöntufjöldinn sem til stendur að fella er á við um einn hektara.“ Í öðru viðtali á RÚV þann 18. Ágúst 2023 er rætt við Aðalstein Sigurgeirsson varaformann Skógræktarfélags Reykjavíkur og þar kemur fram „að erlendar rannsóknir sýni fram á nauðsyn þess að hafa skóg nærri heimilum fólks því það hreinlega lengi líf þess.“ Hann segir að svæðið sem um ræðir sé einn þriðji skóglendis í Öskjuhlíðinn og að Isavia vilji gróðursetja birki og reyni í staðinn verði samt skarð í skóginum.“ „En það eru ekki tré sem eru að binda eins mikið kolefni, hafa ekki bundið eins mikið kolefni og eru ekki jafn miklir skjólgjafar og þessi grenitré sem eru hérna í dag.“

Það er ljóst að borgarstjóri og Skógræktarfélag Reykjavíkur hafa sett fram yfirlýsingar um að skógarhögg á 1 hektara í Öskjuhlíðinni hafi veruleg umhverfisáhrif þegar kemur að heilsu íbúa og kolefnisjöfnun. Skortur er á heildarsýn og stefnu borgarmeirihlutans þegar kemur að grænum svæðum, skóglendi, vernd náttúrusvæða og kolefnisjöfnun í borgarlandinu. Aðgerðir þeirra fara gegn orðum þeirra þegar kemur að grænum svæðum í Reykjavík. Íbúar og þar með kjósendur fá villandi upplýsingar um áform um verndarsvæði, ýmsar framkvæmdir og áætlanir, m.a. í sambandi við borgargarðinn í Elliðaárdal. Uppbyggingin við Suðurfell er lýsandi dæmi um röskun á ósnertu svæði sem mun þjóna komandi kynslóðum betur sem grænt svæði í borginni. Á sama tíma og það á að ganga á þetta land á að klippa af öðru grænu svæði við Breiðholt, eða 11,4 hektara af mikið notuðu útivistar- og náttúrusvæði á Vatnsendahvarfi sem á að leggja undir Arnarnesveg. Nú þegar er búið að hefja framkvæmdir vegna Arnarnesvegar á Vatnsendahvarfi og skíðalyfta Reykvíkinga og barnanna í Breiðholti við Jafnasel var fjarlægð í sumar vegna fyrirhugaðra vegaframkvæmda.

Þrátt fyrir margra ára baráttu íbúa og samtaka á svæðinu og ákall eftir nýju umhverfismati hefur þegar verið farið af stað með framkvæmdir vegna Arnarnesvegar. Umhverfismatið sem framkvæmdin byggir á er um 20 ára gamalt. Á sama tíma segir Dagur B. Eggertson í viðtali við Vísi að skógarhögg í Öskjuhlíð myndi hugsanlega kalla á nýtt umhverfismat og það þurfi að fara varlega í skógarhögg á

svæðinu. Í Öskjuhlíðinni er verið að grísa 1 hektara af skógi til þess að tryggja flugöryggi Reykjavíkurlflugvallar. Í Suðurfelli á að höggva tré og leggja 4,3 hektara af ósnertu grænu og skógi vöxnu útivistarsvæði við Elliðaárdalinn undir byggingar, þar með talinn ½ hektara undir bílastæði. Skiptir 1 hektari í miðborginni kannski meira máli en 4,3 hektarar í Breiðholti og Árbæ þegar kemur að kolefnisjöfnun og lífi og lungum íbúa?

Íbúar Reykjavíkur hafa síðustu ár áttað sig á þeirri aðferðafræði sem þeir sem með völdin fara hér í borg beita til þess að réttlæta framkvæmdir sem þessar. Borgarar nota orð eins og hroka, valdnýðslu og sýndarlýðræði. Rannsóknir vísindamanna eru virtar að vettugi eða að álit þeirra komi fram þegar það er orðið of seint. Framkvæmdir sem hafa óafturkræf áhrif á umhverfi og raunveruleg náttúrugæði eru skreytt með skróðmælgri og hjali um grænar lausnir. Skammsýni, að ákvarðanir séu teknar í fljótfærni og að framkvæmdir hefjist í skjóli nætur eru vinnubrögð sem Reykvíkingar eiga ekki að þurfa að sætta sig við. Í því samhengi má nefna landfyllinguna við Laugarnestanga og tæmingu Árbæjarlóns, sem fékk falleinkunn í úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Að almennir borgarar þurfi að setja sig í stellingar og leggja fram kærur því þeir sem valdið fara í Reykjavík framfylgja ekki lögum og reglum er óásættanlegt. Að það sé hreint út sagt logið að og villt um fyrir borgurum, eins og var gert af borgarstjóra þegar hann tístir rétt fyrir kosningar 2014 að samþykkt væri að Elliðaárnar og nánasta umhverfi verði friðað með hverfisvernd í deiliskipulagi sýnir virðingarleysi við kjósendur. Hans orð: „Þannig sé dalurinn þegar friðaður.“

Valdhafar vísa óspart til Elliðaárdalsins sem perlu Reykjavíkur við hin ýmsu hátíðleg tilefni en vinna ekki að því tryggja komandi kynslóðum aðgang að náttúruperlunum sem þeir hafa fengið að njóta. Mótvægisáðgerðir borgarinnar við óafturkræfum framkvæmdum munu aldrei nokkurn tíma koma í stað raunverulegra náttúrugæða og ósnortinnar náttúru í miðri borg.

Andrea Fanney Jónsdóttir
Íbúi í Laugarneshverfi í Reykjavík